

**SKOÐUN** Semjum strax við læknana, skrifar séra Þórir Stephensen. 14



**MENNING** Kammersveit Reykjavíkur með fimm stjörnu geisladisk. 21



**LÍFIÐ** Art Form á Skólavörðustíg lokað eftir sautján ára rekstur. 30



**SPORT** Gunnar Steinn Jónsson reiknar ekki með því að komast á HM í Katar. 26







# FRÉTTABLAÐIÐ

**Priðjudagur**
16. desember 2014
295. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Mótmælir bænahópi

Hafin er undirskriftasöfnun gegn því að trúarhópurinn Lífsvernd fái að mótmæla fóstureyðingum utan við kvennadeild Landspítalans. 8

### Dýr yfirstjórn

Kostnaður vegna yfirstjórnar Ríkisútvarpsins hækkar um hundrað milljónir króna milli áranna 2014 og 2015, úr 250 milljónum í 350 milljónir. 4

### Þrír látnir í Ástralíu

Tveir gíslar létust ásamt írönskum gíslatökumanni í sextán klukkustunda umsátri í Sydney í Ástralíu í gær. 10




| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -3° | | SA | 13 |
| Akureyri | -4° | | SA | 10 |
| Egilsstaðir | -4° | | SA | 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | | SA | 12 |
| Reykjavík | 0° | | SA | 18 |

**STORMVIÐVÖRUN** Gengur í SA-storm S- og V-til með mikilli sjókomu en slydda eða rigning við ströndina. Hvessir með snjókomu NA-til síðdegis. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Glútenfrí jól | Fólk




# Þrjú hundruð hafa nú verið greind með krabbameinsgen

Eftir fréttir af stökkbreytingu í BRCA-geni í íslenskum fjölskyldum hefur fjöldi leitað til erfðaráðgjafar hjá LSH. Þrjú hundruð af sjö þúsund BRCA-arfberum sem Íslensk erfðagreining hefur dulkóðaðar upplýsingar um hafa verið greindir. 40 prósent heilbrigðra kvenna sem eru arfberar láta fjarlægja bæði brjóst sín.

**1.200** íslenskar konur bera BRCA-2 arfgerð sem getur valdið brjóstakrabbameini.

**30** konur með BRCA-gen hafa valið að fara í skurðaðgerð.

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrjú hundruð Íslendingar, bæði karlar og konur, hafa fengið úr því skorið að þeir beri stökkbreytingu í BRCA-geni. Frá þessu greinir Vigdís Stefánsdóttir hjá erfðaráðgjöf Landspítalans. Eftir fréttaflutning af tilvist gensins í íslenskum fjölskyldum hefur fjöldi fólks leitað til erfðaráðgjafarinnar. „Við erum búin að prófa um það bil 1.200 manns frá því við byrjuðum og af þeim eru 300 einstaklingar sem bera genið. Í þeim hópi eru miklu fleiri konur en karlar,“ segir Vigdís.

Tæplega eitt prósent þjóðarinnar er arfberar með einhverja stökkbreytingu í BRCA-genum sem eykur líkur á til að mynda brjóstakrabbameini og eggjastokkakrabbameini. Áætlað er að rúmlega fjörutíu prósent heilbrigðra kvenna, sem hafa greinst sem BRCA-arfberar undanfarin tvö ár, fari í áhættuminnkandi skurðaðgerð og láti fjarlægja bæði brjóst sín.

Vigdís segir talið að rúmlega fimmtíu fjölskyldur á Íslandi beri stökkbreytt gen í BRCA2. Fjölskyldurnar séu misjafnar að stærð. „Sumar fjölskyldnanna eru mjög stórar og eins og áður sagði þá er um eitt prósent þjóðarinnar með þessa stökkbreytingu í sér,“ segir Vigdís. Prófið er einfalt og Vigdís segir alla geta fengið erfðaráðgjöf. „Í þeim fjölskyldum þar sem krabbamein er mjög algengt, þá veit nú fólk það fyrir að áhætta er meiri,“ segir hún. Eftir að fólk greinist með stökkbreytt gen fari þeir hinir sömu í eftirlit. - kbg / sjá síðu 6



> **Það er ekki hægt að pína fólk til að fá þessar upplýsingar.**
>
> *Vigdís Stefánsdóttir hjá erfðaráðgjöf Landspítalans.*



FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VAFASAMIR STÓLAR Á ÚTLEIÐ** Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður segir að eftirlíkingar af Le Corbusier-húsgögnum hafi verið keyptar í þeirri trú að framleiðandinn hefði leyfi frá rétthafa. Ákveðið var í gær að að farga húsgögnunum sem Reykjavíkurborg greiddi 7,2 milljónir fyrir árið 1992. - ih, jhh / sjá síðu 2

Kaupir kvikmyndaréttinn:

# Myndar bækur lögreglumanns

**MENNING** Framleiðandinn Sigurjón Sighvatsson hefur tryggt sér réttinn á þremur spennusögum Jóns Óttars Ólafssonar, fyrrverandi rannsóknarlögreglumanns, þar af einni sem enn er óskrifuð. Þá hefur hann fjármagnað framleiðslu á alþjóðlegri sjónvarpsþáttaröð eftir glæpasögum Yrsu Sigurðardóttur um Þóru Guðmundsdóttur lögmann og vonast til að hefja tökur næsta haust. „Stíll Jóns Óttars er ferskur, frásögnin er hraðari en við eigum almennt að venjast í norrænum glæpa- og spennusögum,“ segir Sigurjón. - fb / sjá síðu 30



SIGURJÓN SIGHVATSSON

Ofbeldi og hótanir hafa blossað upp meðal grunnskólabarna í Reykjavík:

# Drengur stakk skólafélaga sinn

**SAMFÉLAG** „Hnífstungan átti sér stað um helgi og við fréttum ekki af henni fyrr en seinna,“ segir Hilmar Hilmarsson, skólastjóri Réttarholtsskóla, um hnífstungu í Austurbænum í Reykjavík þar sem börn úr skólanum tókust á með hníf að vopni. Í Vesturbænum í Reykjavík virðist vandinn hafa blossað upp síðustu mánuði. Hann tengist fáeinum nemendum á fimmtánda ári. Lögregla hefur verið kölluð á vettvang til þess að fjarlægja fyrrverandi nemendur eða félaga þeirra af skólalóð vegna þeirrar ógnar sem öðrum nemendum stafar af þeim.

Dæmi eru um að nemendum sé hótað eða þeir kúgaðir til að láta geranda fá peninga eða muni í þeirra eigu. Þá tíðkast að kalla til eldri félaga á skólalóðina til að hafa þar uppi ógnandi tilburði. Þá eru hótanir oft á samfélagsmiðlum og öppum á borð við Snapchat. - kbg / sjá síðu 4

> **Því miður er einelti og annars konar slæm framkoma, eins og hótanir, hluti af daglegu lífi of margra barna í skólunum.**
>
> *Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna.*










## SPURNING DAGSINS



Magnús, er þetta ekki krónískt kvíðakast?

**„Nei, nei, það er alltaf logn á Suðurnesjum.“**

Magnús Stefánsson segist fá kvíða í hvert skipti sem hreyfir vind í Garðinum vegna hættulegs þaks á einu húsinu. Magnús er bæjarstjóri í Garðinum.

Aðstoðarmaður segir tæknileg atriði varðandi leiðréttingu lána í vinnslu:

# Brátt hægt að staðfesta umsókn

**STJÓRNMÁL** Þess er skammt að bíða að umsækjendur um niðurfærslu höfuðstóls húsnæðislána geti staðfest umsóknir sínar. Þetta segir Jóhannes Þór Skúlason, aðstoðarmaður forsætisráðherra.

Þegar aðgerðirnar voru kynntar í Hörpu þann 10. nóvember síðastliðinn kom fram að hægt yrði að staðfesta frá miðjum desember. Eftir staðfestingu skuldarans yrði svo höfuðstóllinn lækkaður. „Ég held að það mál standi bara nokkuð vel. Það er verið að klára að vinna í þessum tæknilegu atriðum,“ sagði Jóhannes Þór Skúlason við Fréttablaðið í gær. „Þó að nú sé kominn fimmtándi þá held ég að það verði ekki mikill dráttur á þessu,“ segir hann. Jóhannes segist þó ekki þora að fullyrða um tiltekna dagsetningu. „En ég held að innan fárra daga geti þetta verið komið í gagnið.“

Í kynningu á aðgerðunum kom fram að með beinu og óbeinu framlagi ríkisins væri öll verðbólga umfram 4% á árunum 2008-2009 leiðrétt til fulls. - jhh



**Í HÖRPU** Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kynntu leiðréttinguna í Hörpu í nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Tillaga stjórnarandstöðunnar:

## Sykurgjald fari til sjúklinga

**ALÞINGI** Stjórnarandstöðuflokkarnir á Alþingi ætla að leggja til að ríkið haldi áfram að leggja sérstakt gjald á sykraðar vörur.

Tekjur af gjaldinu, um þrír milljarðar króna á ári, verði nýttar í uppbyggingu á heilbrigðiskerfinu, sérstaklega á Landspítalanum og til að sporna við auknum lyfjakostnaði sjúklinga á S-merktum lyfjum sem gert er ráð fyrir að hækki í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar. - ih



**HALDIÐ TIL MESSU** Fólk gekk fylktu liði til messu í Júba til að heiðra minningu þeirra sem vitað er að hafi látist. NORDICPHOTOS/AFP

Ár liðið frá upphafi átaka í Suður-Súdan:

## Nærri tvær milljónir á vergangi

**SUÐUR-SÚDAN, AP** Tugir þúsunda hafa látið lífið og nærri tvær milljónir hrakist að heiman eftir að stríðsátök hófust í höfuðborginni Júba í Suður-Súdan fyrir ári.

Sjálfboðaliðar hafa unnið hörðum höndum að því að taka saman nöfn allra þeirra sem látnir eru, og voru nöfnin birt í gær þegar rétt ár var liðið frá upphafi átakanna. Sá yngsti var fjórtán mánaða drengur en elst var 105 ára gömul ættmóðir.

Átökin breiddust fljótlega út um landið, en þar hafa tekist á stuðningsmenn Alva Kiir forseta og fyrrverandi varaforseta, Riek Machar. Kiir er af ættflokki Dinga en Machar af ættflokki Núa. - gb

Tillaga þingmanns Pírata:

## Skattgreiðslur verði nafnlausar

**ALÞINGI** Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, lagði í gær fram þingsályktunartillögu þar sem lagt er til að upplýsingar um skattgreiðslur í álagningarskrá verði nafnlausar og að opinber birting og framlagning álagningar- og skattskráa landsmanna verði lögð af í þeirri mynd sem hún er nú.

„Landsmönnum verði tryggður aðgangur að upplýsingum um álagningu og skattgreiðslur landsmanna, þó þannig að þær verði ópersónugreinanlegar,“ segir í tillögunni. - hg

Rannsókn á flóttabörnum:

## Segja rangt til um aldur

**DANMÖRK** Rannsókn, sem gerð var í Danmörku frá október í fyrra til loka október í ár, sýndi að 215 af 300 flóttabörnum sem rannsökuð voru reyndust vera fullorðin, það er eldri en 18 ára. Teknar eru röntgenmyndir af beinum og tönnum flóttamanna þegar ekki liggja fyrir gögn um aldur þeirra og þegar hælisleitendur eru ekki greinilega yngri en 18 ára.

Frá því í janúar í ár til loka október hafa 659 hælisleitendur, sem segjast vera yngri en 18 ára, komið til Danmerkur. - ibs


www.n1.is facebook.com/enneinn




Hluti af öruggri vetrarumferð N1





STEVE CHRISTER


KRISTBJÖRG STEPHENSEN

**HÚSGÖGNIN Í RÁÐHÚSINU** Reykjavíkurborg greiddi 7,2 milljónir króna fyrir eftirlíkingarnar árið 1992, sem jafngildir um 18,7 milljónum króna að núvirði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Borgin keypti fölsuð húsgögn í góðri trú

Reykjavíkurborg taldi að Le Corbusier-húsgögnin sem keypt voru í Ráðhúsið árið 1992 hefðu verið framleidd með leyfi. Það reyndist ekki rétt. Í bréfi sem sent var rétthafa vörumerkisins í gær er fallist á þá kröfu að húsgögnunum verði fargað.

**STJÓRNSÝSLA** „Menn héldu að þetta væri ákveðin týpa af þessum stólum sem væri framleidd samkvæmt leyfi frá rétthafa,“ segir Kristbjörg Stephensen borgarlögmaður um Le Corbusier-stólana sem borgin hefur ákveðið að láta farga.

Ákvörðunin er tekin eftir að rétthafi Le Corbusier-húsgagnanna gerði athugasemd við þau. Fulltrúi húsgagnaframleiðandans Cassina, sem er rétthafi að Le Corbusier-vörumerkinu, heimsótti Ráðhúsið í sumar og gerði athugasemd við þau að heimsókn lokinni. Reykjavíkurborg svaraði erindi hans í gær þar sem fallist var á að farga þeim.

Borgarlögmaður segir að um 50 sæti sé að ræða en ekki 150 líkt og Skúli Rósantsson, söluaðili Le Corbusier-húsgagna á Íslandi, hélt fram í Fréttablaðinu í gær. Reykjavíkurborg greiddi 7,2 milljónir fyrir húsgögnin fyrir opnun Ráðhússins árið 1992, sem eru um það bil 18,7 milljónir króna að núvirði. Hefði verið um frumhönnun að ræða hefði borgin að líkindum þurft að greiða mun meira fyrir húsgögnin.

Borgarlögmaður segir að fyrir opnun Ráðhússins hafi verið óskað eftir tilboðum í húsgögnin. Þau hafi síðan verið keypt af versluninni Sess. Í sumar gerði rétthafi á framleiðslu Le Corbusier athugasemd eftir að fulltrúi hans hafði komið í húsið. Eftir það barst Reykjavíkurborg formlegt erindi með kröfu um förgun húsgagna. Reykjavíkurborg svaraði erindinu í gær þar sem fallist var á að húsgögnunum yrði fargað.

Steve Christer, einn af arkitektum Ráðhússins, segir að arkitektarnir hafi talið á sínum tíma að þessi húsgögn hefðu verið framleidd með leyfi frá framleiðanda. Húsgagnasalinn Sess, sem seldi Reykjavíkurborg húsgögnin, hafi verið fullvissaður um það af framleiðanda að þau væru framleidd með leyfi. Christer segir erfitt fyrir sig sem arkitekt að heyra þessa umræðu sem hafi verið í gangi í nokkur ár að húsgögnin hafi ekki verið framleidd með leyfi frá rétthafanum.

jonhakon@frettabladid.is / ingvar@frettabladid.is



**PÖNTUN OG STAÐFESTING** Til vinstri er pöntun á Le Corbusier-sófum og -hægindastólum frá verkefnisstjórn Ráðhúss Reykjavíkur til Sess hf. og til hægri er staðfesting fyrirtækisins á pöntuninni.

## RÚV hættir að nota sínar eftirlíkingar

Eftirlíkingar af Le Corbusier-húsgögnum sem hafa verið í notkun í sjónvarpsútsendingum hjá RÚV undanfarinn áratug munu birtast landsmönnum í hinsta sinn í þættinum „Raggi Bjarna: Svona týnist tíminn“ sem sýndur verður á annan í jólum. Þátturinn var tekinn upp fyrir rúmri viku, áður en umræða um eftirlíkingarnar komst í hámæli. Skarphéðinn Guðmundsson, dagskrárstjóri hjá RÚV, gerir fastlega ráð fyrir að eftirlíkingunum, einum sófa og tveimur stólum, verði fargað á næstunni.



**UPPLISTUN STUDIO GRANDA** Hluti lista yfir tilboð í húsgögn fyrir Ráðhús Reykjavíkur sem Studio Grandi tók saman. Hér kemur skýrt fram að tilboð Sess innihélt sófa og hægindastóla frá Le Corbusier.




Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánar á nova.is.

## SVONA ERUM VIÐ



**52** **einstaklingar voru ættleiddir á Íslandi árið 2013.**
**Ættleiðingar voru 75 árið 2008.**

Kostnaður hins opinbera vegna yfirstjórnar Ríkisútvarpsins hækkar um eitt hundrað milljónir milli ára:

# Fer úr 250 milljónum í 350 milljónir króna

**STJÓRNSÝSLA** Kostnaður vegna yfirstjórnar Ríkisútvarpsins hækkar um hundrað milljónir milli áranna 2014 og 2015. Kostnaður vegna yfirstjórnarinnar var 250 milljónir árið 2014 en áætlað er að kostnaðurinn verði um 350 milljónir á næsta ári.

Ljóst þykir að mannabreytingar í yfirstjórn Ríkisútvarpsins og sú ákvörðun Magnúsar Geirs Þórðarsonar útvarpsstjóra að skipta um alla yfirstjórnina reynast dýrar fyrir stofnunina. Stór hluti þessarar aukningar á fjármunum til yfirstjórnarinnar er tilkominn vegna starfslokasamninga við fyrri stjórnarmenn. Nokkur umræða hefur skapast upp á síðkastið um stöðu Ríkisútvarpsins vegna fjárlaga ársins 2015. Magnús Geir hefur látið hafa það eftir sér að ef fjárlög fara óbreytt í gegnum þingið muni það þýða miklar uppsagnir á RÚV sem og að þættir verði lagðir af.

Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður fjárlaganefndar, hefur á hinn bóginn bent á að verið sé að auka fjárútlát til RÚV töluvert í nýjum fjárlögum. Ekki náðist í Magnús Geir Þórðarson útvarpsstjóra við vinnslu fréttarinnar. **- sa**



**MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON** Ákvörðun útvarpsstjóra um breytingar á yfirstjórn eru dýr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**REX LEE JIM** Varaforseti Navajo-þjóðarinnar fyrir utan uppboðshúsið í París. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Frumbyggjar á uppboði:

## Keyptu aftur fornar grímur

**FRAKKLAND, AP** Bandarískir frumbyggjar af Navajo-ættbálknum endurheimtu í gær helga gripi forfeðra sinna á uppboði í París.

Á uppboðinu voru seldir ýmsir fornir gripir úr fórum frumbyggja Norður-Ameríku, þar á meðal sjö litaðar grímur sem talið er að hafi verið notaðar við helgiathafnir Navajo-manna.

Uppboðshaldarar fengu alls 929 þúsund evrur fyrir gripina, eða ríflega 150 milljónir króna.

Það var Drouot-uppboðshúsið sem efndi til uppboðsins. Bandarísk stjórnvöld höfðu, án árangurs, beðið Drouot um að fresta uppboðinu til þess að gefa fleiri frumbyggjum færi á að endurheimta fornmuni sína. **- gb**

Neitaði sök við þingfestingu:

## Ákærður fyrir skattalagabrot

**SAKAMÁL** Karlmaður á sextugsaldri á Vesturlandi hefur verið ákærður af sérstökum saksóknara fyrir meiri háttar brot á skattalögum. Maðurinn var stjórnarformaður í einkahlutafélaginu Leiksoppur Akraneskaupstaðar sem var úrskurðað gjaldþrota haustið 2009.

Hann er ákærður fyrir að stinga tæplega 19,5 milljónum króna undan skatti með því að standa ekki skil á virðisaukaskatti einkahlutafélagsins á árunum 2005 til 2009. Maðurinn neitaði sök við þingfestingu málsins. Aðalmeðferð í málinu fer fram í janúar. **- ktd, ih**

# Ofbeldi og hótanir daglegt brauð í lífi skólabarnanna

Nemendur úr Réttarholtsskóla tókust á með hníf. Fjárkúganir, þjófnaður og ógnandi tilburðir eru meðal þess sem skólabörn upplifa. Umboðsmaður barna hefur áhyggur af hótunum og ofbeldi í daglegu lífi barnanna.

**SAMFÉLAG** „Stundum gerist eitthvað í lífi barnanna sem við vitum ekki af, hnífstungan átti sér stað um helgi og við fréttum ekki af henni fyrr en seinna,“ segir Hilmar Hilmarsson, skólastjóri Réttarholtsskóla, um hnífstungu í Austurbænum í Reykjavík þar sem börn í skólanum tókust á með hníf að vopni.

„Við ræðum málin þegar svona atvik koma upp. Við gætum viljað koma inn í svona mál í samstarfi við foreldra og þjónustumiðstöðina ef atvik eins og þessi hafa áhrif á skólagöngu barnanna. Við reynum að vinna saman að farsælli niðurstöðu,“ segir Hilmar.

Samstarf eins og Hilmar nefnir hefur átt sér stað í Vesturbænum í Reykjavík. Þar hafa börn á grunnskólaaldri þurft að þola hótanir frá skólafélögum síðustu misseri. Vandinn virðist hafa blossað upp síðustu mánuði og tengist fáeinum nemendum á fimmtánda ári. Skólayfirvöld hafa með góðu fordæmi tekið fast á vandanum í samstarfi vð barnaverndarnefnd, félagsmálayfirvöld, íþróttafélög og lögreglu hverfisins.

Lögregla hefur verið kölluð á vettvang til þess að fjarlægja fyrrverandi nemendur eða félaga þeirra af skólalóð vegna þeirrar ógnar sem öðrum nemendum stafar af þeim. Vandinn hefur verið ræddur á samráðsfundum foreldra og grunnskóla, í vor og nú síðast í nóvember og þykir víðtækur. Dæmi eru um að nemendum sé hótað eða þeir kúgaðir til að láta geranda fá peninga eða muni í þeirra eigu. Þá tíðkast að kalla til eldri félaga á skólalóðina til að hafa þar upp ógnandi tilburði.

Samráð í grenndarsamfélaginu skiptir miklu máli því hótanir fara ekki aðeins fram á skólalóðinni. Einn mætti til að mynda vopnaður loftriffli í grennd við íþróttasvæði KR til að ógna félögum sínum. Þá eru hótanir oft á samfélagsmiðlum og öppum á borð við Snapchat.



**MARGRÉT MARÍA SIGURÐARDÓTTIR**

Margrét María Sigurðardóttir, umboðsmaður barna, segir miður að hótanir og ofbeldi séu hluti af daglegu lífi barna í grunnskólum landsins.

„Því miður er einelti og annars konar slæm framkoma, eins og hótanir, hluti af daglegu lífi of margra barna í skólunum. Samkvæmt lögum og reglum eiga allir skólar að vera með skýrar áætlanir, bæði um það hvernig er hægt að fyrirbyggja slíka hegðun og hvernig eigi að bregðast við þegar slík hegðun kemur upp. Það skiptir miklu máli að vinna eftir þessum áætlunum með virkum og markvissum hætti,“ segir hún.

Margrét segir bæði börn og foreldra leita til embættisins vegna eineltis, ofbeldis eða annars konar illrar meðferðar á börnum í skólum. Réttindafræðsla sé mikilvæg forvörn þegar komi að slíku.

„Ef börn þekkja réttindi sín og vita hvers vegna þau eru mikilvæg eru þau líklegri til þess að virða réttindi annarra,“ segir hún.

Margrét segir skóla verða að hafa skýrar áætlanir um hvernig eigi að bregðast við.

„Þegar það er barn sem hótar, leggur í einelti eða beitir annars konar ofbeldi þarf að leitast við að nota úrræði sem eru til þess fallin að hafa jákvæð og uppbyggileg áhrif,“ segir hún.



**TEKIST Á VIÐ VANDANN** Í Vesturbænum í Reykjavík er tekist á við vanda vegna ofbeldis og hótana í garð nemenda. NORDICPHOTOS/AFP

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins segir að allir skólar skuli hafa heildstæða stefnu fyrir skólann til að fyrirbyggja og bregðast við líkamlegu, andlegu og félagslegu ofbeldi og félagslegri einangrun.

Hún segir að áætlunin skuli ná til allra nemenda og styrkja þá til að bera virðingu fyrir hver öðrum, sýna tillitssemi og samkennd og taka afstöðu gegn einelti.

Margrét nefnir að það sé erfitt að setja skýr mörk. „Sumt sem einhverjir telja „saklaust grín“ getur haft verulega neikvæð áhrif á líðan annarra barna.“

Kristján Ó. Guðnason, stöðvarstjóri lögreglu í Vesturbænum, segir fáeina einstaklinga geta haft umtalsverð truflandi áhrif á skólafélagana og langt frá því að öll mál komi á borð lögreglu. „Þó að við merkjum einstaka aukin útköll hjá okkur þá þýðir það ekki að við vitum umfang vandans,“ segir Kristján og hvetur börn til að segja frá séu þau beitt kúgun og ofbeldi.

„Við tökum vel á móti öllum börnum og foreldrum þeirra sem finnst þeim ógnað eða hafa orðið fyrir hótunum. Ég ráðlegg börnum sem finnst þeim ógnað að finna einhvern sem þau treysta til að segja frá. Það er mikilvægt fyrsta skref.“

**kristjanabjorg@frettabladid.is**

> **Hnífstungan átti sér stað um helgi og við fréttum ekki af henni fyrr en seinna.**
> *Hilmar Hilmarsson, skólastjóri Réttarholtsskóla.*






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 17° | Friedrichshafen | 7° | New York | 7° |
| Aþena | 15° | Gautaborg | 5° | Orlando | 23° |
| Basel | 10° | Kaupmannahöfn | 5° | Ósló | 2° |
| Berlín | 4° | Las Palmas | 22° | París | 8° |
| Billund | 5° | London | 7° | San Francisco | 14° |
| Frankfurt | 5° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | 3° |




**Á MORGUN** 10-18 m/s syðra og NV-til en hægari NA-lands.




**FIMMTUDAGUR** Fremur hægur vindur en stífari NV-til og syðst.

**SLÆMT FERÐAVEÐUR** verður í dag á sunnan- og vestanverðu landinu þegar gengur í suðaustan storm með mikilli snjókomu um tíma en úrkoman breytist síðan í slyddu og rigningu við sjávarsíðuna. Síðdegis snýst í suðvestanátt með éljum.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

heimkaup.is

# Hágæða útiföt fyrir káta krakka

LEGO wear

**20% kynningar-afsláttur!**

Lego fötin eru bæði þekkt fyrir gæði og þægindi. Loksins aftur fáanleg á Íslandi.



**Úlpa**
Margir litir
80 - 128
Kynningarverð
**11.192,-**
Verð 13.990,-

**Skíðabuxur**
Margir litir
80 - 128
Kynningarverð
**7.992,-**
Verð 9.990,-

**Regnjakki**
Margir litir
80 - 152
Kynningarverð
**5.432,-**
Verð 6.790,-

**Regnbuxur**
Margir litir
80 - 152
Kynningarverð
**3.432,-**
Verð 4.290,-

**Útigalli**
Margir litir
80 - 98
Kynningarverð
**15.992,-**
Verð 19.990,-

## ... tilvalið í jólapakka

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| Verð: ~~3.790,-~~ Nú 3.032,- | Verð: ~~8.990,-~~ Nú 7.192,- | Verð: ~~1.990,-~~ Nú 1.592,- | Verð: ~~18.990,-~~ Nú 15.192,- | Verð: ~~2.690,-~~ Nú 2.152,- | Verð: ~~2.990,-~~ Nú 2.392,- | Verð: ~~19.990,-~~ Nú 15.992,- | Verð: ~~6.590,-~~ Nú 5.272,- | Verð: ~~2.990,-~~ Nú 2.392,- |
|  |  |  |  |  |  |  |  |  |
| Verð: ~~13.990,-~~ Nú 11.192,- | Verð: ~~6.590,-~~ Nú 5.272,- | Verð: ~~6.790,-~~ Nú 5.432,- | Verð: ~~4.390,-~~ Nú 3.512,- | Verð: ~~12.890,-~~ Nú 10.312,- | Verð: ~~4.290,-~~ Nú 3.432,- | Verð: ~~4.990,-~~ Nú 3.992,- | Verð: ~~6.790,-~~ Nú 5.432,- | Verð: ~~2.690,-~~ Nú 2.152,- |

Gildir til 21. des. eða á meðan birgðir endast.

**Meirihluti Íslendinga verslar á netinu! Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is**

**Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta**
Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða við afhendingu**
Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Vefverslunin sem selur allt**
Við bjóðum nú þegar yfir 11.500 vörutegundir og yfir 100 bætast við daglega. Við stefnum að því að selja allt!

**★ Frí heimsending samdægurs**
Pantaðu fyrir kl. 17[00] og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

**Heimkaup.is**
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvert leggur Norðvesturnefnd ríkisstjórnarinnar til að höfuðstöðvar Rarik verði fluttar?
**2.** Hvað heitir leikrit Hilmis Jenssonar og Tryggva Gunnarssonar sem þeir sýna í Tjarnarbíói?
**3.** Hver er hönnuður Kærleikskúlunnar í ár?

**SVÖR:**
**1.** Til Sauðárkróks. **2.** MP5. **3.** Davíð Örn Halldórsson.

Þriðju umræðu og afgreiðslu fjárlaga á að ljúka á síðasta fundardegi Alþingis fyrir jól:

# Forsetinn gerir ráð fyrir þinglokum í dag

**ALÞINGI** „Þingflokksformennirnir og forysta ríkisstjórnarinnar eru búin að ná utan um hvaða mál við viljum að verði afgreidd,“ segir Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis. Einar býst við að þingstörfum ljúki í dag og þingmenn komist þannig í jólafrí.

„Það gæti verið raunhæft en hlutirnir verða þá að ganga upp og ekkert óvænt má koma upp á.“

Hann segir þó enn eftir að ljúka afgreiðslu á fjölmörgum málum. Alþingi afgreiddi í gær meðal annars umræðu og atkvæðagreiðslu um fjáraukalög 2014 og breytingar á virðisaukaskatti.

„Á morgun er gert ráð fyrir að við tökum til umræðu þriðju umræðu fjárlaga,“ segir Einar.

Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, tekur undir að líklegt sé að hægt verði að klára þingstörfin á morgun.

„Nema þetta teygist fram á miðvikudag. Við höfum ekki gert neitt sérstakt samkomulag um þinglokin að þessu sinni, það ræðst bara af málunum sem eru á dagskrá, sem eru aðallega fjárlögin. Það fer bara eftir því hvernig dagskráin verður. Stærri mál, kvótinn eða ramminn eða eitthvað þannig bara liggur,“ segir Helgi. - fbj



**JÓLAFRÍ** Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis, vonast til að þingstörfum ljúki í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**FJÖLGUN** Þann 1. janúar 2014 voru Íslendingar 326 þúsund. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslendingum fjölgar hratt:

## Hálf milljón eftir hálfa öld

**SAMFÉLAG** Hagstofan spáir því að íbúar landsins verði 446 þúsund árið 2065. Þetta kemur fram í nýrri mannfjöldaspá en fjölgunin tekur bæði tillit til fólksflutninga og náttúrulegrar fjölgunar.

Mannfjöldinn var 326 þúsund þann 1. janúar 2014. Fæddir verða fleiri en dánir á hverju ári spátímabilsins. Meðalævi karla og kvenna við fæðingu mun halda áfram að lengjast. Nýfæddar stúlkur árið 2014 geta vænst þess að verða 83,4 ára gamlar en nýfæddir drengir 79,5 ára. Stúlkur sem fæðast árið 2065 geta vænst þess að verða 88,6 ára en drengir 84,3 ára. - fbj

Tekur yfir skuldbindingar:

## Sorpsamlagið til Norðurþings

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Sorpsamlag Þingeyinga ehf. er að fullu komið í eigu Norðurþings.

Skrifað var undir samkomulag um kaup Norðurþings á eignarhluta Þingeyjarsveitar, Skútustaðahrepps og Tjörneshrepps í félaginu þann 28. nóvember. Samhliða þessu var skrifað undir samkomulag um yfirtöku sveitarfélaganna á öllum skuldbindingum Sorpsamlagsins.

Sorpsamlaginu er falið að sinna sorpþjónustu í Norðurþingi fram til loka maí 2015. - shá

# Þrjú hundruð greinst hér með BRCA-stökkbreytingu

Þrjú hundruð af þeim sjö þúsund BRCA-arfberum sem Íslensk erfðagreining hefur dulkóðaðar upplýsingar um hafa fengið greiningu hjá Landspítalanum. 40 prósent heilbrigðra kvenna sem eru arfberar fara í skurðaðgerð.

**HEILBRIGÐISMÁL** Þrjú hundruð Íslendingar, bæði karlar og konur, hafa fengið úr því skorið að þeir beri stökkbreytingu í BRCA-geni.

Frá þessu greinir Vigdís Stefánsdóttir hjá erfðaráðgjöf LSH. „Við erum búin að prófa um það bil 1.200 manns frá því við byrjuðum og af þeim eru 300 einstaklingar sem bera genið. Í þeim hópi eru miklu fleiri konur en karlar,“ segir Vigdís.

Eftir fréttaflutning af tilvist gensins í íslenskum fjölskyldum hefur fjöldi fólks leitað til erfðaráðgjafarinnar.

Tæplega 1 prósent þjóðarinnar er arfberar með einhverja stökkbreytingu í BRCA-genum sem eykur líkur á til að mynda brjóstakrabbameini og eggjastokkakrabbameini. Í þessum hópi er talið að 1.200 konur séu með stökkbreytingu í BRCA2-geni. 600 þeirra eru á skimunaraldri. Hún minnir á að börn og ungmenni séu aldrei prófuð fyrir geninu.

„Við prófum ekki börn fyrir einhverju sem kemur ekki fram fyrr en á fullorðinsaldri. Fólk spyr stundum hvort það komi til álita en áttar sig á því um leið að það er eitthvað sem skiptir ekki máli.“

Vigdís segir talið að rúmlega fimmtíu fjölskyldur á Íslandi beri stökkbreytt gen í BRCA2. Fjölskyldurnar séu misjafnar að stærð.

„Sumar fjölskyldnanna eru mjög stórar og eins og áður sagði þá er um eitt prósent þjóðarinnar með þessa stökkbreytingu í sér,“ segir Vigdís.

Erfðaráðgjöf er mat og ráðgjöf til einstaklings eða fjölskyldu vegna erfðavandamála. Erfðamáti viðkomandi sjúkdóms er útskýrður og gert er mat varðandi líkur á sjúkdómsvaldandi stökkbreytingu í geni eða genum ef það á við. Læknisfræðileg hugtök og vandamál eru útskýrð og áætlun gerð um eftirlit og meðferð ef þarf. Veittar eru upplýsingar um mögulegar rannsóknir og vísað á frekari upplýsingar og stuðningshópa. Rætt er um hugsanleg siðferðisleg málefni sem komið geta upp í sambandi við sjúkdóm, greiningu og meðferð.

Vigdís segir prófið einfalt og alla geta fengið erfðaráðgjöf. Eingöngu þurfi að panta viðtal og enga tilvísun þurfi til.

„Þetta er mjög einföld rannsókn. Ég held að við séum að gera þetta eins og vel og við getum. Við höfum undanfarna mánuði fengið til okkar fólk úr þessum ættum þar sem fólk hefur verið greint með stökkbreytt gen. Það kom mikið af nýju fólki árið 2013 og við hittum alla sem vilja. Ef fólk greinist með genið reynir það oftast að koma skilaboðum til fjölskyldu sinnar. Í þeim fjölskyldum þar sem krabbamein er mjög algengt, þá veit nú fólk það fyrir að áhætta er meiri,“ segir Vigdís.

Eftir að fólk greinist með stökkbreytt gen þá fara þeir hinir sömu í eftirlit. „Annars vegar fara þeir í árlega segulómskoðun hér á Landspítalanum. Við erum einnig með sérstakt brjóstateymi sem samanstendur af skurðlæknum og hjúkrunarfræðingum. Þær sem hafa þegar greinst með brjóstakrabbamein eru oft með krabbameinslækni sem heldur utan um eftirlit með þeim.

Vigdís nefnir að sumir vilji ekki fá þessar upplýsingar og það verði að virða. „Það er ekki hægt að pína fólk til að fá þessar upplýsingar. Það eru dæmi um Facebookhópa þar sem fólk lætur ættmenni sín vita. Þá fær fólk bréf sem það getur sent til ættmenna ef það vill. Við bjóðum líka upp á fjölskyldufundi til þess að fara yfir málin.“

Miklar skipulagsbreytingar hafa átt sér stað á Landspítala undanfarin ár hvað varðar þjónustu við BRCA-arfbera og aðra sem eru í mikilli áhættu á að fá brjóstakrabbamein. Nú er rekin þar svokölluð há-áhættu göngudeild. Þar starfa tveir brjóstaskurðlæknar og hjúkrunarfræðingar sérhæfðir í brjóstakrabbameinum sem sinna mikilvægu stuðnings- og upplýsingahlutverki. Áætlað er að rúmlega 40 prósent heilbrigðra kvenna sem hafa greinst sem BRCA-arfberar undanfarin tvö ár fari í áhættuminnkandi skurðaðgerð og láti fjarlægja bæði brjóst sín.

kristjanabjorg@frettabladid.is



**ALLIR GETA FARIÐ Í PRÓF** Vigdís Stefánsdóttir segir alla þá sem vilja athuga hvort þeir eru með BRCA-gen geta fengið rannsókn og ráðgjöf hjá erfðaráðgjöf Landspítalans.

### ➜ Staðreyndir um BRCA-gen

- 7.000 arfberar á Íslandi bera BRCA-gen
- 1.200 íslenskar konur bera BRCA-2 arfgerð sem leiðir af sér brjóstakrabbamein
- 300 Íslendingar hafa verið greindir af erfðaráðgjöf Landspítalans – bæði karlar og konur
- Um 30 konur með BRCA-gen hafa valið að fara í skurðaðgerð
- Æviáhætta kvenna á að fá brjóstakrabbamein er 11%
- Konur sem erum með BRCA eru með 70-80% áhættu á að fá brjóstakrabbamein
- Með skurðaðgerð aukast lífslíkur um 50%

LYFJA
- Lifið heil
www.lyfja.is
Opið alla daga til jóla
kl. 8–24 í Lágmúla
og á Smáratorgi



# JÓLAVEISLA
# Í DAG 16. DESEMBER
# AÐEINS Í HOLTAGÖRÐUM

**TAX FREE DAGUR**

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT* AF ÖLLUM **LEIKFÖNGUM, BÚSÁHÖLDUM OG SNYRTIVÖRUM**



OPIÐ TIL KL. 21:00

## 30% afsláttur
## af öllum fatnaði og skóm




TILBOÐ Á BÓKUM

TILBOÐ 2.999




Quality Street 2 kg

**Tilboðin gilda eingöngu í Holtagörðum**

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

EINFALT AÐ SKILA EÐA SKIPTA

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Formaður samninganefndar hafnar sáttanefnd:

# Hefur ekki lausnina

**KJARAMÁL** Sigurveig Pétursdóttir, formaður samninganefndar Læknafélags Íslands, hafnar hugmyndum forystumanna stjórnarandstöðunnar á Alþingi um að skipa sérstaka sáttanefnd í deilu lækna við ríkið. Hugmyndir þessa efnis hafa einnig verið ræddar í ríkisstjórn og heilbrigðisráðherra segir slíkt koma til greina ef deilan leysist ekki á næstu vikum.



SIGURVEIG PÉTURSDÓTTIR

„Ég sé ekki alveg að sáttanefnd geti komið með þá tölulegu hækkun sem þarf til þess að læknar samþykki hana,“ segir Sigurveig Pétursdóttir.

„Eigum við ekki að sjá hvernig miðar í þessari viku,“ svarar Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra aðspurður hversu mikinn tíma deiluaðilar fái. - hks


Jólin í vefversluninni okkar



Þegar þú kaupir jólagjafirnar í vefverslun Krabbameinsfélagsins styrkir þú félagið í leiðinni.

Krabbameinsfélagið

www.krabb.is


# Landspítalinn banni mótmæli bænahóps

Hafin er undirskriftasöfnun til að mótmæla mótmælum bænahópsins Lífsverndar sem biður fyrir eyddum fóstrum við kvennadeild Landspítalans einu sinni í viku.

**FÉLAGSMÁL** „Ég vonast til þess að geta afhent Landspítalanum þennan undirskriftalista í þeirri von að stjórnendurnir endurskoði þessi mótmæli sem fram fara á lóð spítalans,“ segir Bryndís Björnsdóttir.

Bryndís hefur hafið undirskriftasöfnun gegn mótmælum hópsins Lífsverndar. Fréttablaðið sagði frá því í október að í hádeginu á hverjum þriðjudegi hittist fyrir utan Kvennadeild Landspítalans hópur sem fer með bænir og biður fyrir eyddum fóstrum.

Í samtali við Fréttablaðið sagði einn í hópnum, Denis O´Leary, kaþólskur prestur við Maríukirkju í Breiðholti, að þau væru að biðja fyrir þeim fóstrum sem væri eytt inni á deildinni.

„Við biðjum fyrir vernd fyrir ófædd börn og stöðvun á fóstureyðingum. Við biðjum fyrir hugarfarsbreytingu til fóstureyðinga því við trúum að ófædd börn séu líka manneskjur og þau eigi að fá möguleika á að lifa,“ sagði O´Leary, og tók fram að þau nálguðust ekki fólk að fyrra bragði.

Í greininni kom fram að félagsráðgjafi við kvennadeildina segði konur sem þangað leituðu ekki verða fyrir ónæði af völdum fólksins.



**LÍFSVERND** Hópurinn hittist í hádeginu á hverjum þriðjudegi fyrir utan kvennadeildina og biður fyrir eyddum fóstrum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Bryndís vill með undirskriftalistanum að forsvarsmenn spítalans íhugi það að meina hópnum að mótmæla á lóð spítalans. Konur sem þangað leiti eigi að geta gert það óáreittar.

„Ég stórlega efast um að konur sem ganga þarna inn verði ekki fyrir áreiti,“ segir hún. „Þetta er málefni sem hefur verið lítið rætt um og er í mikilli skömm. Þögn yfir þessum mótmælum bera merki um það. Það er mikilvægt að það létti á því og þær konur sem gangi þarna inn mæti því vali sem þær vilja,“ segir Bryndís.

Að sögn Bryndísar er það minnsta sem Landspítalinn getur gert að meina mótmælendum að vera á lóð spítalans. Þetta fólk geti haft sínar skoðanir en eigi ekki að viðra þær þarna.



**„Ég stórlega efast um að konur sem ganga þarna inn verði ekki fyrir áreiti.**

*Bryndís Björnsdóttir*

„Konur sem koma þarna inn eru í þeirri stöðu að þurfa að taka ákvörðun sem er mjög erfið. Þetta tel ég að Landspítalinn eigi að taka tillit til. Ef verið væri að mótmæla annars konar þjónustu Landspítalans þá væri ekki vel litið til þess ef fólk væri að því á lóð spítalans,“ segir Bryndís.

viktoria@frettabladid.is


ENNEMM / SÍA / NM66098



Framtíðarreikningur

Gefðu gjöf sem vex

Barnið stækkar og gjöfin með

Framtíðarreikningur Íslandsbanka er verðmæt gjöf sem vex með barninu. Hann er bundinn þar til barnið verður 18 ára og ber hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni. Með því að stofna Framtíðarreikning byrja ástvinir að safna í sjóð fyrir barnið sem getur seinna meir orðið ómetanlegt veganesti út í lífið.

Þú finnur sérfræðinga í sparnaði í útibúinu þínu.

Jólaglaðningur fylgir nýjum Framtíðarreikningum og innlögnum yfir 3.000 kr. á meðan birgðir endast.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

# Jólin nálgast

## Dásamlegir dýrgripir í jólapakkann.



**Bosch, expressó-kaffivél**
TCA5309
Einstök bruggtækni. Þrýstingur: 15 bör.
**Jólaverð: 69.900 kr.**
**Fullt verð: 89.900 kr.**



**Leonardo**
Wave
Glös í mörgum litum.
**Jólaverð: 1.180 kr.**
**Fullt verð: 1.390 kr.**



**Bosch, ryksuga**
BGL8330T
Sú hljóðlátasta á markaðnum og hrikalega öflug líka. Aðeins 59 dB.
**Jólaverð: 64.900 kr.**
**Fullt verð: 79.900 kr.**



15% jólaafsláttur af öllum vörum frá Sveinbjörgu.

**Sveinbjörg**
Thermo-bollar
**Jólaverð: 2.465 kr.**
**Fullt verð: 2.900 kr.**



**Bosch**
MSM66020
Kraftmikill töfrasproti.
**Jólaverð: 8.900 kr.**
**Fullt verð: 11.900 kr.**



**Magisso, flöskukælir**
Heldur köldu í marga klukkutíma. Sniðug gjöf.
**Jólaverð: 10.960 kr.**
**Fullt verð: 12.900 kr.**

Takmarkað magn.



**Kahla**
Matar- og kaffistell fyrir sex.
Matardiskar, súpudiskar, morgunverðardiskar, kaffibollar, undirskálar, kaffikrúsir og skálar.
**Jólaverð: 29.900 kr.**
**Fullt verð: 69.900 kr.**



**Muurla**
Nostalgíu-glervara.
**15% jólaafsláttur.**



**Magisso, karafla**
**Jólaverð: 8.420 kr.**
**Fullt verð: 9.900 kr.**

**Opið virka daga frá kl. 11 - 18 og á laugardögum frá kl. 11 - 16.**

Auk þess gilda þessir afgreiðslutímar í desember:
Sunnud. 21. des. kl. 11 - 16.
Miðvikud. 24. des. kl. 10 - 12.

**BOSCH**
**BÚÐIN**

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Sveitarstjórnir eystra sammála um lögreglu:

# Tilheyri Austurlandi

**SVEITARSTJÓRNIR** „Ekki er forsvaranlegt að slíta í sundur nýtt embætti lögreglunnar á Austurlandi þegar ekki liggur fyrir fjárhagsleg greining á styrk þess,“ segir bæjarráð Fljótsdalshéraðs, sem tekur undir það með bæjarráði Fjarðabyggðar að mikilvægt sé að lögreglan á Hornafirði verði áfram hluti af umdæmi lögreglunnar á Austurlandi.

Lögreglan á Hornafirði var sameinuð embætti sýslumannsins á Eskifirði árið 2007. „Ef til breytinga kemur verður að liggja fyrir að nýtt embætti lögreglustjóra á Austurlandi verði styrkt frekar til að það geti sinnt hlutverki sínu í framtíðinni,“ segir bæjarráð Fljótsdalshéraðs. - gar



**HORNAFJÖRÐUR** Lögreglumenn bæjarins heyra undir lögreglustjórann á Eskifirði. FRÉTTABLAÐIÐ/GUNNÞÓRA



**TÓKST AÐ FLÝJA** Nokkrum gíslanna tókst að komast undan nokkru áður en umsátrinu lauk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Gíslatöku lauk eftir sextán tíma umsátur

Gístlatökumaðurinn Man Haron Monis féll fyrir skotum lögreglu eftir að hafa haldið gíslum í sextán stundir á kaffihúsi í Sydney. Tveir gíslanna, 34 ára karlmaður og 38 ára kona, létu einnig lífið og að minnsta kosti fjórir særðust.

**ÁSTRALÍA** Gíslatökunni í Sydney í Ástralíu lauk eftir sextán tíma umsátur lögreglu. Tveir gíslanna létu lífið. Annar þeirra var 34 ára karl, hinn 38 ára kona.

Gíslatökumaðurinn, hinn fimmtugi Man Haron Monis, féll einnig. Að minnsta kosti fjórir gíslanna særðust, þar á meðal kona sem fékk skot í fótlegg.

Síðdegis í gær hafði lögreglan ekki viljað gefa upp hvort hinir látnu hefðu fallið fyrir hendi gíslatökumannsins eða í skotbardaga hans við lögregluna. Andrew Scipione, lögreglustjóri í New South Wales, segir lögregluna hafa metið það svo að ef hún hefði ekki ráðist til atlögu hefðu fleiri gíslar látið lífið.

„Þetta var mjög ónotalegt,“ höfðu fjölmiðlar eftir Tony Abbott, forsætisráðherra Ástralíu. „Það vekur skelfingu að saklausu fólki hafi verið haldið í gíslingu af vopnuðum manni sem bar fyrir sig pólitískar ástæður.“

Gíslatakan hófst stuttu fyrir klukkan tíu að morgni þegar Monis gekk inn á kaffihúsið Lindt, í fjölförnu verslunarhverfi við Martinstorg í Sydney. Talið er að gíslarnir hafi verið sautján, en ríflega helmingi þeirra tókst að flýja kaffihúsið í nokkrum hópum áður en Monis var yfirbugaður.

Hundruð lögreglumanna biðu átekta við kaffihúsið og í næstu götum. Nærliggjandi hús voru rýmd og götunum lokað. Þinghúsið í Sydney er skammt frá og Óperuhúsið fræga ekki langt undan heldur.

Sjö sjónvarpsstöðvar fylgdust með atburðunum nánast í beinni útsendingu. Sjá mátti Monis ganga fram og til baka fyrir innan glugga kaffihússins, hann var órakaður og með byssu í hendi. Stundum sendi hann gísla út að gluggunum

**17** gíslar voru á kaffihúsinu í upphafi.

þar sem þeir þurftu að standa með andlit og hendur upp að glerinu.

Monis var íranskur múslimi sem þóttist vera trúarleiðtogi, en naut engrar viðurkenningar sem slíkur meðal múslima í Ástralíu. Meðan hann hélt gíslunum sendi hann tvo þeirra út í glugga með svartan fána með áletraðri þekktri setningu úr Kóraninum.

Nokkur samtök ástralskra múslima sendu frá sér sameiginlega yfirlýsingu í gær þar sem þau fordæmdu gíslatökuna og sögðu Monis misnota trúarbrögðin.

Margir Ástralar sendu síðan frá sér á Twitter skilaboð þar sem þeir buðu fylgd sína fólki, sem klætt er að sið múslima en óttast andúð í kjölfar gíslatökunnar.

gudsteinn@frettabladid.is



**FLÚÐU Í OFBOÐI** Tveir gíslanna á hlaupum eftir að hafa tekist að komast út úr kaffishúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## → Man Haron Monis

Gíslatökumaðurinn Man Haron Monis var fimmtugur Írani. Hann flúði til Ástralíu frá Íran fyrir fimm árum eftir að hafa lent upp á kant við þarlend stjórnvöld.

Monis hafði verið ákærður fyrir tugi kynferðisbrota, en var látinn laus gegn tryggingu meðan málaferlin stóðu yfir. Hann hafði einnig verið ákærður fyrir aðild að morði á fyrrverandi eiginkonu sinni og einnig látinn laus gegn tryggingu í því máli.

Þá hafði hann verið ákærður fyrir að hafa áreitt með bréfaskrifum fjölskyldur ástralskra hermanna, sem létust í Afganistan á árunum 2007 til 2009. Hann var á síðasta ári sakfelldur í því máli, og dæmdur til að sinna samfélagsþjónustu í 300 klukkustundir.

Monis gaf sig út fyrir að vera trúarleiðtogi, kallaði sig gjarnan Sheikh Haron, en sjía-leiðtogar í Ástralíu hafa bæði hunsað hann og kært hann til lögreglu. Fyrr í þessum mánuði virðist hann hafa snúist til súnní-trúar og skrifaði í síðasta mánuði langt bréf þar sem hann hafnar hófsemi í trúarefnum.

Hann stóð oft fyrir utan dómhús í Sydney með mótmælaspjöld, þar sem hann sagðist vera fórnarlamb ofsókna.


ÚR BÍLAVIÐGERÐUM Í LEIKJAFORRITUN

„Síðan ég útskrifaðist úr Dipómanámi í forritun hjá NTV árið 2013 hef ég forritað sex Android tölvuleiki og er kominn í nýtt, fjölbreytt og spennandi starf.

Að setjast aftur á skólabekk er besta ákvörðun sem ég hef tekið lengi og námið það skemmtilegasta sem ég hef farið í.“

Haraldur Þrastarson
Leikjahönnuður og forritari



Á kvöldin með vinnu eða í dagskóla

Upplýsingar og skráning: 544 4500 / www.ntv.is

Forritunarbraut NTV

406 stundir - Verð: 599.000 - Allt innifalið

Kvöld- og helgar: 3. feb.-19. des. - Dagnám: 2. feb.-17. des.

Breyttir tímar hafa aukið eftirspurn eftir fólki sem hefur þekkingu á skýjaforritun. Á þessu námskeiði læra nemendur að beita nýjustu tólum og aðferðum sem þarf til að forrita nútíma skýjalausnir.

Námið er undirbúningur undir alþjóðlegt próf 70-480 sem er innifalið í verði námskeiðsins.

Prófið er grunnurinn að þrem alþjóðlegum vottunum:

MCSD: Web Applications, MCSD: SharePoint Applications og MCSD: Windows Store Apps – HTML5

ntv

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS



GARMIN




nuvi 2589LMT

Leiðsögutæki

Bjartur og góður 5" skjár
Evrópukort - lífstíðar uppfærsla
Umferðaviðvörun
Handfrjáls búnaður fyrir síma

GARMINBÚÐIN
Ögurhvarfi 2, Kópavogi
s. 577-6000 | www.garmin.is
Opið mán. til fös. 10-18
Helgina 20. og 21. des 10-18


DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLU JÓLASKRAUTI GJAFAPAPPÍR & KNÖLLUM
25-50% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚLPUM & KÁPUM
FYRIR DÖMUR, HERRA & BÖRN
GILDIR ÚT SUNNUDAG
Opið til 22
öll kvöld til jóla
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Því að þótt fjöllin bifist og hæðirnar haggist mun kærleikur minn til þín ekki bifast og friðarsáttmáli minn ekki haggast, segir Drottinn sem miskunnar þér.


Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
bannað er að mismuna börnum eftir því hvað foreldrar þeirra gera.





GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Kortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

MIÐASALA | 568 8000 | BORGARLEIKHUS.IS




**1 GÓRILLA GERÐ ÚR HERÐATRJÁM Í LONDON** Stúlka situr þarna undir listaverki eftir David Mach. Górillan er eingöngu gerð úr herðatrjám. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**2 UPPREISN ÆRU Í KÍNA** Foreldrar manns, sem tekinn var af lífi fyrir átján árum, fá afhent endurupptökuskjöl málsins. Maðurinn, sem hét Hugjiltu, var átján ára þegar hann var tekinn af lífi fyrir nauðgun. Vafi á sekt hans vaknaði árið 2005 eftir að annar maður játaði á sig nauðgunina. NORDICPHOTOS/AFP



**3 KANNABISSÝNING Í ÚRÚGVAÍ** Sýningargestur tekur mynd af marijúanaplöntu á kannabissýningunni Expo Cannabis, sem efnt var til í Montevídeó um helgina, en framleiðsla og sala á kannabisefnum er nú leyfileg þar í landi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




ÁSTAND HEIMSINS



**4 VERKFALLSÁTÖK Í BELGÍU** Verkalýðsfélagar í átökum við lögregluna í Brussel. Efnt var til allsherjarverkfalls í gær til að mótmæla aðhaldsaðgerðum stjórnvalda. NORDICPHOTOS/AFP



**5 BARNASKEMMTUN Á SJÚKRAHÚSI Í HVÍTA-RÚSSLANDI** Börn á blóðsjúkdóma- og krabbameinsdeild sjúkrahúss í Minsk, höfuðborg Hvíta-Rússlands, fylgjast með nýárskemmtun ásamt foreldrum sínum. NORDICPHOTOS/AFP







Úrval af kertum
Dúkar og servíettur

REKSTRARLAND

Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Olíuverzlunar Íslands hf.
www.rekstrarland.is
Mörkinni 4 | 108 Reykjavík | Sími 515 1100

Fallegar jólagjafir
- okkar hönnun og smíði



JÓN & ÓSKAR
jonogoskar.is | Sími 5524910 | Laugavegi 61 | Kringlan | Smáralind



**HEIÐA KRISTÍN HELGADÓTTIR** Hættir daglegum afskiptum af stjórnmálum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Segir af sér formennsku:

## Heiða Kristín hætt í pólitík

**STJÓRNMÁL** Heiða Kristín Helgadóttir, stjórnarformaður Bjartrar framtíðar, lætur af embættinu í upphafi nýs árs og hyggst hætta daglegum afskiptum af stjórnmálum.

Í tilkynningu segist Heiða Kristín vera sátt og stolt af því sem hún hafi áorkað á undanförnum fimm árum í stjórnmálum. Á þeim tíma kom hún að stofnun Bjartrar framtíðar og Besta flokksins. Hún var varaformaður síðarnefnda flokksins.

Heiða Kristín segir óljóst hvort hún verður áfram varaþingmaður. - ih

Barnaníðingur ákærður:

## Verjandinn sætir rannsókn

**SVÍÞJÓÐ** Samtímis því sem lögmaður í Svíþjóð var verjandi skjólstæðings sem ákærður var fyrir barnaníð sætti hann sjálfur rannsókn vegna aðildar að barnaníði. Lögmaðurinn hefur áður verið dæmdur fyrir vörslu barnakláms, að því er sænskir fjölmiðlar greina frá. Lögmaðurinn lá enn undir grun þegar hann tók að sér að verja hinn ákærða. Lögmaðurinn, sem neitar sök, segir það hafa verið of seint að fá annan verjanda vegna málsins. - ibs



**ÁTAK GEGN ÖLVUNARAKSTRI** Lögreglan vill minna á máltækið „eftir einn ei aki neinn“. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimm eiga von á sviptingu:

## Létu fjögur hundruð blása

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði fjögur hundruð ökumenn um helgina í sérstöku umferðareftirliti.

Fimm ökumenn reyndust ölvaðir eða undir áhrifum fíkniefna og eiga ökuleyfissviptingu yfir höfði sér. Tveimur ökumönnum til viðbótar var gert að hætta akstri sökum áfengisneyslu sem þó var undir refsimörkum. Aðgerðirnar voru hluti af átaki sem ætlað er að vekja athygli á hættu sem stafar af ölvunar- og fíkniefnaakstri. - ih

Myndun kvikugangsins útskýrð:

## Grein í Nature um eldgosið

**ELDGOS** Hópur íslenskra og erlendra vísindamanna birti í gær grein í vefútgáfu vísindatímaritsins Nature sem útskýrir hvernig kvikugangur frá Bárðarbungu og út í Holuhraun myndaðist. Kvikugangurinn myndaðist að mestu yfir tveggja vikna tímabil í aðdraganda gossins. Rúmmál gangsins jókst jafnt og þétt þar til megineldgosið hófst, segir í greininni. - ih

Niðurstöður könnunar á lífsskilyrðum og aðstæðum SOS-ungmenna á Indlandi:

# SOS-ungmennum líður betur en öðrum

**HJÁLPARSTARF** Könnun á lífsskilyrðum og aðstæðum SOS-ungmenna á Indlandi leiddi í ljós að 94 prósent þeirra eru yfir meðaltali þegar kemur að andlegri líðan, félagslegum aðstæðum, fjölskyldulífi og starfsframa.

Könnunin, sem framkvæmd var af óháðum aðila, var gerð í tilefni 50 ára afmælis SOS Barnaþorpanna á Indlandi. Hún stóð yfir í átta mánuði og náði til 566 ungmenna sem ólust upp í 14 slíkum þorpum víðs vegar um Indland. Ekkert ungmenni mældist undir meðaltali og aðeins sex prósent í meðallagi. Þá skoruðu konur örlítið hærra á kvarðanum en karlar.

Að sögn Sunnu Stefánsdóttur, upplýsingafulltrúa hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi, eru um 700 Íslendingar SOS-styrktarforeldrar og SOS-barnaþorpsvinir á Indlandi.

„Alls námu framlög íslenskra styrktarforeldra og barnaþorpsvina rúmum 243 milljónum árið 2013, þar af fóru 28 milljónir til Indlands.“ Ekkert land fái jafn háa upphæð frá Íslandi en þar eru alls 42 SOS Barnaþorp.

Upphæðin sem styrktarforeldrar greiða á mánuði dugar til framfærslu eins barns. Um er að ræða áður munaðarlaus og yfirgefin börn sem fá nýtt heimili í SOS Barnaþorpi. Barnaþorpsvinir borga 3.250 krónur á mánuði og nýtist sú upphæð í rekstur barnaþorpsins, til að mynda viðhald, öryggisgæslu og fleira. - ibs



**Í SOS BARNAÞORPI** Móðir og börn í barnaþorpinu Cochin á Indlandi.




Hættuleg þróun í afstöðu stjórnvalda til fjölmiðla:

# Fyndnu strákarnir í Stjórnarráðinu

Því hefur stundum verið haldið fram að hroki sé hin hliðin á þeim peningi sem hefur óttann á framhliðinni. Sé eitthvað til í því hlýtur að ríkja algjör skelfing meðal starfsmanna í Stjórnarráði Íslands þessar vikurnar. Þar er ekkert lát á hrokafullum viðbrögðum við hverju því sem upp kemur í umræðunni og er þá sama hvort í hlut eiga ráðherrar eða starfsmenn Stjórnarráðsins. Helst lítur út fyrir að þar innan dyra ríki sú skoðun að Stjórnarráðið sé sjálfstætt ríki sem hvorki þurfi né vilji lúta þeim lögmálum sem ríkja annars staðar í samfélaginu. Þaðan af síður virðist vera nokkur skilningur á því að þeir sem þar starfa séu starfsmenn þjóðarinnar sem kom þeim til valda og greiðir þeim laun. „Ég á þetta, ég má þetta“-hugsunarhátturinn virðist hafa flust frá útrásarvíkingunum beint inn í æðsta ráðuneyti ríkisins. Það getur ekki endað vel.



**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is

Dæmin um hrokafulla framkomu og viðbrögð úr Stjórnarráðinu eru svo mörg að það er erfitt að vita hvar á að byrja í þeirri upptalningu. Rústun Ríkisútvarpsins hefur borið hæst í umræðunni undanfarna daga, eðlilega, en það er bara toppurinn á ísjakanum. Um helgina gerði upplýsingafulltrúi sjálfrar ríkisstjórnar Íslands sig sekan um að reyna að stjórna orðavali í fréttaflutningi Reykjavík Grapevine af fjarveru forsætisráðherra þegar fjárlögin voru tekin til annarrar umræðu á Alþingi. Hrokinn sem hann sýnir í þeim samskiptum er með fádæmum eins og komið hefur fram í tölvupóstum hans sem Grapevine birti í gær. Ekki nóg með það, hann virðist ekki sjá neitt athugavert við þessi afskipti sín og reynir að kjafta sig út úr vandræðunum með fáránlegum bröndurum á umræðuþráðum á Facebook. Virkilega þroskuð afstaða, eða þannig.

Sigurður Már þarf reyndar ekki að sækja fyrirmyndina að slíkum hroka langt, hans æðsti yfirmaður, sjálfur forsætisráðherrann, beitir þessu stílbragði gjarna á sinni Facebook-síðu og virðist telja það sæmandi að afgreiða hitamál í umræðunni með fimmaurabröndurum og útúrsnúningum, samanber hinn ofurfyndna brandara hans um ótta jólasveina á jólaballi fyrir börn við mannréttindaráð Reykjavíkurborgar sem komst í alla vefmiðla í gær. Það er með algjörum ólíkindum að æðsti maður ríkisstjórnar skuli leyfa sér slíkt og skýrir kannski betur en flest annað hvernig viðhorf undirsáta hans til fréttaflutnings er. Eftir höfðinu dansa limirnir, svona líka fyndnir.

Það er hins vegar enginn brandari að í lýðræðisþjóðfélagi skuli stjórnvöld ekki sjá neitt athugavert við það að reyna að stýra fréttaflutningi af stjórnmálasenunni og grípa til refsiaðgerða gegn þeim fréttamiðlum sem ekki eru þeim nógu hliðhollir. Það er ógnvekjandi afstaða og verður ekki nægilega undirstrikað að slíkt má ekki með nokkru móti láta viðgangast. Stjórnvöld sem kúga fjölmiðla til hlýðni við eigin stefnu hafa hingað til einskorðast við einræðisríki og það er algjör lífsnauðsyn að stöðva slíkar tilraunir í fæðingu. Því þótt starfsfólk Stjórnarráðsins virðist ekki átta sig á því er Ísland lýðræðisríki og það er í okkar valdi að velja þá sem stjórna, þeir eru ekki ósnertanlegir.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lögreglan og upplýsingar

Nú er rifjað upp að Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á höfuðborgarsvæðinu, hélt, fyrir ekki mörgum árum, fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri þar sem hún talaði um reynslu sína af samstarfi við lögreglu víða í Evrópu og ekki síst á Englandi. Sigríður Björk sagði lykilinn að góðum árangri lögreglunnar þar byggjast á upplýsingum, það er að veita fjölmiðlum sem mestar og bestar upplýsingar. Nú ber svo við að allir, allavega flestir, fjölmiðlar landsins reyna nánast daglega að fá nauðsynlegar upplýsingar frá lögreglustjóranum, án nokkurs árangurs. Sigríður Björk virðist vera búin að gleyma því sem hún áður boðaði.



### Mokið meiri snjó

Þórarinn Tyrfingsson og hans fólk hjá SÁÁ er ósátt við Reykjavíkurborg fyrir að snjó hefur aldrei verið mokað af vegspottanum frá Stórhöfða að sjúkrahúsinu Vogi, og það sem meira er, þar hefur aldrei verið malbikað eða vegspottanum sinnt svo neinu nemi. Innan SÁÁ er jafnvel haldið að borgin vilji ekkert af vegspottanum vita og ætlist til að þeir sem hann nota, það er starfsfólk SÁÁ, sjúklingar og aðrir sem eiga erindi að Vogi bjargi sér án þess að Reykjavíkurborg leggi meira af mörkum en að hafa lagt vegspottann fyrir rúmum aldarþriðjungi. Þetta þykir þeim sem þurfa að fara um hið versta mál.



### Afsláttur af Armani

Það gekk á ýmsu þegar þingheimur greiddi atkvæði um breytingarnar á virðisaukaskattinum og mótvægisaðgerðum sem tengjast þeim. Heimildarmaður segir að meðan Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra tíundaði hvað komi til með að lækka við afnám vörugjalda taldi hann upp það sem fyrir augu bar, svo sem stóla, borð, málningu og fleira og sagði svo eitthvað á þá leið, að meira að segja „fötin okkar munu lækka“. Lilja Rafney Magnúsdóttir, Vinstri grænum, sem hefur sæti aftarlega í salnum, kallaði fram í þegar Bjarni nefndi lækkunina á fötum: „Armani.“ Frammíkallið vakti mismikla lukku. Meiri hjá stjórnarandstæðingum en stjórnarþingmönnum. **sme@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Semjum strax við læknana

KJARAMÁL



**Þórir Stephensen**
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

Læknaverkfallið verður nú æ alvarlegra og þjóðfélagið mun ekki standast það álag og það ástand sem hér verður eftir áramótin, verði af þeim hertu aðgerðum sem þá eru boðaðar. Hver heilvita maður hlýtur að sjá, að þá er allt öryggi horfið, mannslífin að veði og heilsufar allt. Nógu erfitt verður að vinna upp það sem þegar hefur verið slegið á frest og enda vafasamt að það takist án mannskaða.

Stjórnvöld neita enn að semja við læknastéttina af ótta við, að almennt launaskrið fylgi í kjölfarið með þeim hætti, að ekki verði við ráðið. Mér finnst sú afstaða ekki hæfa í svona máli. Ein af frumskyldum ráðamanna gagnvart borgurum landsins er að þeir njóti góðrar og öruggrar læknisþjónustu, að heilbrigðiskerfið sé eins öruggt og unnt er. Það hlýtur að teljast til þeirra réttinda sem eru nánast óendanlega mikils virði. Aðrar launastéttir hljóta að skilja, að heilbrigði einstaklingsins, hver sem hann er, verður ekki metið til fjár. Gott heilbrigðiskerfi og þjónusta metnaðarfullrar læknastéttar, sem sífellt sækir sér meiri menntun og innleiðir dýrmætar tækninýjungar, eru kjarabót sem við höfum sennilega aldrei metið sem skyldi. Það yrði ekki gott afspurnar, ef henni yrði fórnað vegna þess að aðrar stéttir gætu ekki horft á hag heildarinnar og ekki síst þeirra sem mest líða hverju sinni okkar á meðal.

**➜ Stjórnvöld neita enn að semja við læknastéttina af ótta við, að almennt launaskrið fylgi í kjölfarið með þeim hætti, að ekki verði við ráðið. Mér finnst sú afstaða ekki hæfa í svona máli.**

Íslenskir læknar, og sá mannauður sem fylgir þeim í hæfu hjúkrunarliði og aðstoðarmönnum öðrum, er á heimsmælikvarða. Það er erfitt fyrir okkur, hina almennu borgara að horfa upp á, að þeir skuli ekki hafa kjöraðstæður hvað húsnæði og tækjabúnað snertir. Okkur blæðir stundum, er við sjáum milljarða fara í gæluverkefni einstakra þingmanna á meðan fjöregg heilbrigðisþjónustunnar, Landspítalinn, fúlnar úti í horni. Okkur finnst því vera mikið sanngirnismál, að laun læknastéttarinnar séu þannig, að hún geti vel við unað.

Ég hygg, að æðimargir taki undir með mér, er ég skora hér á stjórnvöld að þekkja nú sinn vitjunartíma og gefa þjóðinni það í jólagjöf, að hún megi áfram búa við öryggi í þessum málum.

# Mannréttindi og kirkjuheimsóknir

TRÚMÁL



Sigurvin Lárus Jónsson



Sunna Dóra Möller
prestar

Við erum æskulýðsprestar sem störfum hvort sínum megin á landinu, í Neskirkju og í Akureyrarkirkju, við að taka á móti börnum sem sækja kirkjuna heim. Forsendur slíkra heimsókna eru ólíkar, stundum eru börnin að sækja helgihald á vegum kirkjunnar með ástvinum sínum, öðrum stundum er um að ræða frístundastarf þar sem helgihald er hluti af skipulögðu æskulýðsstarfi sem börnin eru skráð í og síðan eru heimsóknir leikskóla og skóla í kirkjuna.

Heimsóknir menntastofnana í kirkjuna eru unnar í samstarfi við skólastjórnendur og það varð ekki breyting þar á við breyttar reglur Reykjavíkurborgar. Reglur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar hafa í því samhengi orðið að nokkru gagni við að skerpa á vinnubrögðum í tengslum við slíkar heimsóknir, þar sem um er ræða hóp barna sem ekki tilheyra öll þjóðkirkjunni. Það er sem dæmi ekki eðlilegt að láta börn múslima signa sig við upphaf slíkrar heimsóknar, þó presturinn megi sýna signingu sem hluta af trúarhefð kristinnar kirkju.

Þær reglur um samskipti leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila Reykjavíkurborgar við trúar- og lífsskoðunarfélög sem samþykktar voru fyrir rúmu ári, ganga lengra en svo að tryggja trúfrelsi nemenda í íslenskum skólum. Þess í stað ganga þær út frá þeirri sýn að skólakerfið skuli vera trúlaus vettvangur þar sem „skal forðast að nemendur og foreldrar séu settir í þá aðstöðu að þurfa að gera grein fyrir lífsskoðunum sínum“ og „trúar- og lífsskoðunarfélög skulu ekki stunda starfsemi sína innan veggja leik- og grunnskóla borgarinnar á skólatíma né heldur á starfstíma frístundaheimila“. Á þessum forsendum hefur dýrmætt samstarf kirkna og frístundaheimila víða lagst af en hefð hafði skapast fyrir því að kirkjustarf fengi afnot af húsnæði þeirra á starfstíma frístundaheimila. Er þar um beina mismunun að ræða í garð trúfélaga, samanborið við aðra aðila sem bjóða upp á skipulagt frístundastarf í hverfum borgarinnar. Trúfrelsi hefur verið stjórnarskrárbundinn réttur á Íslandi frá árinu 1874 og það hefur aldrei verið ríkari þörf til að standa vörð um trúfrelsi í samfélagi okkar með stækkandi hópi innflytjenda á Íslandi. Trúfrelsi er grundvallarforsenda fjölmenningarsamfélags og ef ekki er staðinn vörður um rétt innflytjenda til að iðka trú sína og varðveita menningu sína óáreitt, komumst við ekki hjá því að brjóta á rétti þeirra.

Trúfrelsi varðar mannréttindi og er mannréttindasáttmálum ætlað að tryggja einstaklingum réttinn til að iðka trú sína og gera um leið þjóðfélagshópum kleift að viðhalda menningararfi sínum óáreitt. Í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um rétt barna til að „njóta eigin menningar, játa og iðka eigin trú, og nota eigið tungumál í samfélagi með öðrum í hópnum“, sérstaklega þegar um þjóðernisbrot í minnihluta er um að ræða.

**Ekki hlutlaus vettvangur**

Íslenskt skólakerfi er ekki og á ekki að vera hlutlaus vettvangur, heldur uppeldis- og menntastofnum sem stendur vörð um íslenska tungu og menningu, gerir börn á Íslandi læs á sögulegt samhengi þjóðarinnar og eykur víðsýni í garð þeirra sem auðga samfélag okkar með ólíkri trú og menningu.

Skólinn á ekki að vera vettvangur trúarlegrar mismununar en hann getur aldrei orðið menningarlega hlutlaus vettvangur. Kristin trú er hluti af menningu okkar og arfi og það er hlutverk skólans að kynna það fyrir börnum. Á sama hátt og ekki er hægt að kynna íþróttir fyrir börnum af bók er heldur ekki hægt að kynna trúarlega iðkun fyrir börnum án þess að þau verði vitni að henni og finni sig frjáls til að iðka hana sjálf óáreitt.

Þau börn sem eiga foreldra sem af trúarlegum eða félagslegum ástæðum vilja ekki að börn sín sæki kirkju eiga að hafa valkost um það, en ef tillitssemi við þau hindrar kirkjuheimsóknir er of langt gengið. Tortryggni í garð kirkjunnar, presta hennar eða kristins jólahalds verður ekki réttlætt á forsendum mannréttinda eða trúfrelsis, heldur tilheyrir fordómum í garð trúarbragða sem verða æ háværari í opinberri umræðu.

Kirkjuheimsóknir leik- og grunnskóla á stórhátíðum samræmast að fullu fjölmenningarlegum sjónarmiðum og trúfrelsishugsjónum þar sem trúarhefðum er gert hátt undir höfði. Sú hugmynd að skólakerfið eigi að vera trúarlaus vettvangur hefur hins vegar ekki verið rædd á breiðari vettvangi en sem varðar samstarf kirkju og skóla, en virðist þó vera grunnforsenda þeirra reglna sem mannréttindaráð Reykjavíkurborgar hefur sett.

# Er landsbankastjóri að gefa gullgæsir þjóðarinnar?

FJÁRMÁL



Sigurður Oddsson
verkfræðingur

Föstudagskvöld fyrir nokkrum árum fletti ég Fréttablaðinu og kom auga á auglýsingu sem lítið fór fyrir. Veitingahúsageiri Atorku (A. Karlsson) var auglýstur til sölu og skyldi tilboðum skilað strax eftir helgina. Netfang var gefið upp fyrir þá, sem óskuðu nánari upplýsinga. Ég sendi inn fyrirspurn og fékk gögn, sem vonlaust var að vinna úr á svo skömmum tíma.

Taldi ég þá löngu ákveðið, hver hreppti hnossið og á hvaða verði. Ég var að fara af landinu strax eftir helgi, en af stráksskap óskaði ég eftir, að skilum tilboða yrði frestað. Það var ekki hægt. Ég spurði hvers vegna. Svarað var vegna hagsmuna kröfuhafa. Ég spurði, hvort ekki væri þeirra hagur að fá tilboð? Ekkert svar og þannig lauk þessum tölvusamskiptum við skiptastjóra. Hjá Landsbanka eru ýmsar hrókeringar fyrirtækja, sem maður setur spurningarmerki við.

Það að setja Borgun ekki í opið söluferli minnir óneitanlega á sölu Atorku. Munurinn er að þá átti salan að fara leynt, en nú er ekkert pukur. Það breytir þó ekki því að þarna er einn maður að sýsla með eigur þjóðarinnar. Ákveður hverjum hann selur og á hvaða verði. Er það eðlilegt?

**Ótrúlegt**

Mín skoðun er að þegar höndlað er með þjóðareign, hvort sem það er raforka eða eitthvað annað, þá skuli hafið yfir allan vafa, að persónulegir hagsmunir geti blandast í viðskiptin. Óháð hvort sölumaðurinn sé heiðursmaður eða ekki. Ótrúlegt að bankastjóri vinni á þennan hátt.

Sagt er að hægt sé að reikna út síðar, hvort hægt hefði verið að fá hærra verð fyrir Borgun. Nú er búið að selja Fastus, sem keypti Atorku og hægt að skoða hvernig umboð, tæki og varahlutir frá A. Karlsson hafa ávaxtast eftir brunaútsöluna.

Rétt er að geta þess, sem vel er gert. Þakkarvert er, hvernig Landsbankinn afskrifaði skuldir hjá viðskiptavinum sínum. Eitthvað annað en hjá hinum, sem voru í viðskiptum við Íslandsbanka og Arion, sem kenndir eru við hrægammasjóði. Þar urðu fyrirtæki að fara í mál við bankann sinn til að fá leiðréttingu. Fyrst í Héraðsdómi og svo í Hæstarétti. Loks þegar mál skyldi dómtekið 4 árum eftir hrun drógu bankarnir allt til baka. Tóku meira að segja á sig allan málskostnað til að fá mál felld niður. Jóhanna og Steingrímur, sem gáfu hrægömmum skotleyfi á heimili og fyrirtæki, sátu hjá.

www.renault.is




EIGUM BÍLA TIL AFGREIÐSLU STRAX!

**Renault sendibílar eru einir vinsælustu sendibílar Íslands.** Spyrðu fagmann og hann segir þér umbúðalaust af hverju. Þeir eru á góðu verði, eyðslugrannir og áreiðanlegir. Einnig einstaklega þægilegir í akstri og umgengni, vel búnir og góðir í endursölu. VELDU ÖRUGGAN VINNUSTAÐ.

RENAULT

*Miðað við uppgefnar eyðslutölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

B|L

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

# Listaalmanak keypt fyrir alla grunnskóla

**Fjölskyldufyrirtækið art365 hefur gefið út listaalmanakið List í 365 daga í annað sinn. Eggert Pétursson og Hulda Hákonardóttir eru á meðal listamanna.**

Fjölskyldufyrirtækið art365 hefur gefið út listaalmanakið List í 365 daga í annað sinn. Dagatalið er með 365 listaverkum eftir bæði vel þekkta og upprennandi listamenn, skáld, hönnuði, ljósmyndara, arkitekta o.s.frv. og á hver listamaður einn dag á almanaksárinu. Á meðal þeirra eru Eggert Pétursson og Hulda Hákonardóttir.

Almanakið er listviðburður sem stendur allan ársins hring þar sem hægt er að njóta þess að hafa nýtt listaverk fyrir augum á hverjum degi í daglegu umhverfi. Fyrirtækið art365 sérhæfir sig í miðlun og útgáfu á list og menningartengdu og sögulegu efni. Markmið þess er að beina kastljósinu að þeim gífurlega sköpunarkrafti og þeirri miklu fjölbreytni sem býr í íslensku samfélagi ásamt því að stuðla að virkum samskiptum á milli íslenskra og erlendra listamanna, gallerieigenda og listunnenda.

Almanakið, sem á sér hollenska fyrirmynd, var nýtt af nálinni í fyrra og tók smá tíma að kynna það fyrir almenningi. „Þegar við vorum að byrja að selja vorum við ekki með neitt í höndunum," segir Perla Torfadóttir hjá art365. „Þegar við vorum að tala um dagatal sá fólk fyrir sér lítið, venjulegt dagatal. Það áttaði sig ekki alveg á konseptinu. En þetta gekk óvenjuvel, alla vega nógu vel til að við ákváðum að gera þetta aftur."



**LISTAVERK** Eitt af listaverkunum 365 sem eru í dagatalinu.

Aðspurð segir hún að sumir listamenn sem voru með í fyrra taki aftur þátt í ár. „Svo erum við líka með nýja listamenn. Þetta er blandaður hópur af listamönnum," segir hún og bætir við að auðveldara hafi verið að fá þá til liðs við sig í ár. „Þetta er mikið þægilegra og skemmtilegra núna en í fyrra. Þá þurfum við líka að kynna þetta konsept fyrir listamönnunum. Núna gekk þetta mjög smurt fyrir sig."



**Á ÚTGÁFUHÓFINU** Perla Torfadóttir stendur á bak við borðið þar sem hægt var að kaupa almanakið.

Sem dæmi um þennan meðbyr hefur Reykjavíkurborg fest kaup á almanakinu fyrir alla grunnskóla borgarinnar og mun dagatalið verða notað við listakennslu.

Fyrir skömmu var haldið útgáfuhóf vegna almanaksins í sal Myndhöggvarafélags Íslands á Nýlendugötu og að sögn Perlu var mætingin góð. „Það gekk frábærlega vel. Þarna var mikið af fólki og fjörið var mikið."

Hún segir fyrirtæki sitt stefna að því að gera útgáfu almanaksins að árlegum viðburði. „Þetta verður skemmtileg heimild um samtímalist."

Hægt er að panta almanakið á síðunni art365.is eða á Laufásvegi 45B þar sem fyrirtækið er til húsa.

freyr@frettabladid.is

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ELÍN JÓNA ÓLAFSDÓTTIR**
**Ársölum 5, Kópavogi,**

sem lést þann 28. nóvember síðastliðinn verður jarðsungin frá Lindakirkju í Kópavogi fimmtudaginn 18. desember 2014 og hefst athöfnin klukkan 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á kirkjuklukknasjóð Lindakirkju sem var henni hugleikinn.

**Björg Magnúsdóttir　Þorsteinn Guðmundsson**
**Magnús Jaroslav Magnússon　Hugrún Linda Guðmundsdóttir**
**Dagmar Magnúsdóttir　Kristinn R. Árnason**
**Guðmundur, Guðmundur Örn, Bjarki Rafn, Hildur Jara og Rakel Lind.**

---

†



Ástkær sonur okkar, bróðir og barnabarn,

**HARALDUR ÓLAFSSON**
**myndlistarnemi,**

lést á heimili sínu í Stokkhólmi laugardaginn 6. desember. Útför fer fram frá Vídalínskirkju föstudaginn 19. desember kl. 13.

**Svandís Torfadóttir　Ólafur Þorkell Helgason**
**Albert Torfi Ólafsson　Steinunn Lilja Pétursdóttir**
**Arnar Ingi Ólafsson　Eva Dögg Guðmundsdóttir**
**Elsa Heike Jóakimsdóttir　Guðjón Guðmundsson**
**Torfi Jónsson**

---

†



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**EINAR SIGBJÖRNSSON**
**Lagarási 17, Egilsstöðum,**

lést föstudaginn 12. desember. Útförin fer fram frá Egilsstaðakirkju föstudaginn 19. desember kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á sjúkrahúsið á Egilsstöðum.

**Anna Einarsdóttir　Jón Karlsson**
**Guðbjört Einarsdóttir　Þórarinn Baldursson**
**Inghildur Einarsdóttir　Guðbrandur Þorkelsson**
**Dagný Einarsdóttir　Sigvaldi Torfason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA HJÁLMARSDÓTTIR**
**frá Kambi,**

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði mánudaginn 1. desember. Útför fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 22. desember kl. 13.00.

**Hafsteinn Kúld Pétursson　Malen Sveinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTÍN ÞÓRARINSDÓTTIR**
**Breiðagerði 25, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi 8. desember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 19. desember kl. 11.00.

**Rósa Einarsdóttir　Guðmundur Ingimundarson**
**Ragnar Már Einarsson　Arngunnur Atladóttir**
**Þórhildur Einarsdóttir**
**Nikulás Einarsson**
**og ömmubörn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR ÁRNI SIGFÚSSON**
**húsasmíðameistari,**
**Sléttuvegi 19,**
**áður Heiðargerði 34,**

lést á hjartadeild Landspítalans þann 8. desember. Útförin fer fram frá Grensáskirkju miðvikudaginn 17. desember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.

**Margrét Guðvaldsdóttir**
**Ólafur S. Guðmundsson　Elísa N. Puangpila**
**Sigfús Árni Guðmundsson　Eva Geirsdóttir**
**Valdimar G. Guðmundsson　Valgerður Marinósdóttir**
**Birgir Guðmundsson　Ágústa María Jónsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**ERLA GESTSDÓTTIR**
**Svöluhrauni 8, Hafnarfirði,**

lést miðvikudaginn 3. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir fær starfsfólk á 4. hæð á Sólvangi fyrir einstaklega góða umönnun og hlýju.

**Viðar Þórðarson**
**Birgir Viðarsson　Emelía Dóra Guðbjartsdóttir**
**Sigurlína Ellertsdóttir**
**og barnabörn.**

---

†



Ástkær móðir mín, amma okkar og langamma,

**MARÝ VALDÍS JÓNSDÓTTIR**
**áður til heimilis að Grensásvegi 56,**

lést sunnudaginn 7. des. á Hrafnistu, Boðaþingi. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 19. des. kl. 15.00.

**Anna Steinunn Jónsdóttir**
**Gylfi Steinar Gylfason**
**Einar Örn Gylfason**
**Marý Valdís Gylfadóttir**
**og langömmubörn.**

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUNNHILDUR MAGNÚSDÓTTIR**
**Gullsmára 9, 201 Kópavogi,**

varð bráðkvödd þriðjudaginn 9. desember. Útför hennar fer fram frá Digraneskirkju fimmtudaginn 18. desember kl. 13.00.

**Júlíus Gunnar Geirmundsson**
**Ingunn J. Gunnarsdóttir　Hreinn Jónasson**
**Geir G. Gunnarsson　Sigrún M. Arnardóttir**
**Auður I. Gunnarsdóttir**
**Magnús Gunnarsson　Solveig Kristjánsdóttir**
**Jónas Gunnarsson　Alma Hlíðberg**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Móðir okkar,

**GUÐRÚN SIGURÐARDÓTTIR**
**frá Gvendareyjum,**
**síðar húsfreyja í Vesturkoti á Skeiðum,**

lést á Elliheimilinu Grund 29. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Börn og tengdabörn,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**BALDVIN STEINDÓRSSON**
**rafvirkjameistari,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 13. desember. Útförin verður auglýst síðar.

**Lilja Magnúsdóttir**
**Lilja Baldvinsdóttir　Þorbjörn Viggósson**
**Kristján Baldvinsson　Bryndís Ottósdóttir**
**Magnús Baldvinsson　Brettina Wilhelmi**
**Halldór Baldvinsson　Katrín Garðarsdóttir**
**Guðbjörn Baldvinsson　Ingibjörg Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ERNA JÓNSDÓTTIR**
**(frá Geitabergi)**
**Einigrund 1, Akranesi,**

lést laugardaginn 29. nóvember sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum samúð og hlýhug. Einnig sendum við þakkir til allra þeirra sem önnuðust hana í veikindunum.

**Sigríður Jóhannesdóttir　Eyþór Þórðarson**
**Pálmi Jóhannesson**
**Jón Jóhannesson**
**Einar Stefán Jóhannesson　Bryndís Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



# VELDUR JÓLAMATURINN UPPÞEMBU?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Koma vindgangur, uppþemba eða meltingartruflanir í veg fyrir að þú getir notið þess að fara á jólahlaðborð eða borða jólasteikina? Meltingarensímin Digestive Enzyme Complex gætu verið lausnin við þeim vanda.*

**HVAÐ GERA MELTINGARENSÍM?**
„Meltingarensímin eru að öllu jöfnu framleidd í munni, maga, brisi, lifur og þörmum til þess að brjóta niður fæðuna í einingar sem líkaminn getur nýtt sér. Ýmislegt getur hins vegar orðið til þess að við framleiðum ekki nóg af þessum ensímum og oft minnkar framleiðslan einnig með aldrinum,“ segir Ásta Kjartansdóttir, viðskiptastjóri hjá Gengur vel ehf.



ÁSTA KJARTANSDÓTTIR

**SKORTSEINKENNI**
Einkenni um skort á ensímum eru t.d. uppþemba, loftmyndun, magaverkur, brjóstsviði, krampar í þörmum, þreyta og svefnleysi. Með því að bæta við meltingarensímum getum við tryggt hámarksnýtingu næringarefna úr fæðunni og bætt líðan okkar eftir máltíð. Illa meltur matur getur einnig verið orsök þess að við finnum fyrir mataróþolseinkennum.

**MELTINGARENSÍMIN DIGESTIVE ENZYME COMPLEX:**
- Innihalda ensím sem hjálpa til við niðurbrot kolvetna, sterkju, fitu og próteins
- Innihalda lactasa sem brýtur niður laktósa í mjólkurvörum
- Hjálpa til við að koma jafnvægi á meltingarkerfið
- Geta komið í veg fyrir vindgang, uppþembu og meltingartruflanir
- Geta hjálpað þér að nýta betur næringuna úr matnum
- Hafa engar skaðlegar aukaverkanir
- Aðeins 1-2 töflur með mat og maginn kemst í lag



**BÆTIR LÍÐAN**
„Með því að bæta við meltingarensímum getum við tryggt hámarksnýtingu næringarefna úr fæðunni og bætt líðan okkar eftir máltíð.“

**NOKKUR EINKENNI**
„Einkenni á skorti á ensímum eru t.d. uppþemba, loftmyndun og þreyta.“

**SÖLUSTAÐIR:**
Apótek Garðabæjar, Lyfjaver, Lyfsalinn, Heilsutorg Blómavals, Gamla apótekið Melhaga, Apótekarinn Helluhrauni, Fjarðarkaup og Lifandi markaður. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.




OptiBac probiotics
„For Women“
gegn sveppasýkingu,bakteríusýkingu og þvagfærasýkingu
Fæst í apótekum og heilsubúðum



OptiBac probiotics
Góð melting styrkir ónæmiskerfið
Stjórnaðu bakteríuflórunni með OptiBac
Fæst í apótekum og heilsubúðum



Tilvalið í jólapakka grillarans
weber
www.weber.is



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
SAFT

SJÁLFLÍMANDI HNÍFAPARASKORÐUR
Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.
**Sendum í póstkröfu**
Gullkistan
Frakkastíg 10 - Sími 551 3160 - gullkistan@vortex.is - www.thjodbuningasilfur.is



Kærleiks og kyrrðarstund
Í kvöld, þriðjudaginn 16. desember, kl. 20:00
Náttúrulækningafélag Reykjavíkur heldur í aðdraganda jólanna Kærleiks- og kyrrðarstund í Laugarneskirkju við Kirkjuteig 105, Rvk.
Dagskrá:
Gamli maðurinn og nútíminn - Bjarni Þórarinsson, rágjafi.
Falleg jólalög - Bryndís Guðnadóttir mezzosópran syngur falleg jólalög. Meðleikari á píanó, Þórunn Sigurðardóttir.
Hugvekja um kærleikann - Tolli Morthens, myndlistamaður.
Slökun - Anna Ingólfsdóttir, jógakennari.
*Jurtate, piparkökur og jólaglaðningur.*
*Allir velkomnir.*
*Aðgangur kr. 700 - frítt fyrir félagsmenn*
NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR NLFR
Berum ábyrgð á eigin heilsu



# KÆRKOMIN VIÐBÓT FYRIR LESBLINDA

**AUÐVELDA LESTUR** *Litaðar tússtöflur eru nýjung sem gagnast lesblindum og auðvelda þeim lestur. Formaður Félags lesblindra segir töflurnar kærkomna viðbót við litaglærur og lituð blöð sem hafa reynst lesblindum vel í lestri og skólastarfi.*

Litaglærur og lituð blöð hafa reynst lesblindum vel. Litirnir skapa hagstæðari skerpuskil á milli bakgrunns og texta sem auðveldar lestur. Nýlega hóf fyrirtækið PROARC framleiðslu á lituðum tússtöflum sem gegna sama hlutverki og litaglærur og lituð blöð. Hefðbundnar hvítar tússtöflur eru fremur skítsælar og voru lituðu töflurnar upphaflega hugsaðar sem snyrtilegri valkostur. Fljótlega kom í ljós að þær gætu jafnframt gagnast lesblindum og hentað í hvers kyns skólastarf.

Snævar Ívarsson, framkvæmdastjóri Félags lesblindra á Íslandi, fagnar viðbótinni. „Það er vel þekkt að litaglærur og lituð blöð gagnast lesblindum. Mér finnst þetta kærkomin viðbót.“

Bækur eru í flestum tilfellum prentaðar á hvítan pappír og hefur mörgum lesblindum reynst erfitt að lesa svart letur af hvítu blaði. „Sé lögð litaglæra yfir mýkist skerpan og lesblindum gengur betur að lesa. Að sama skapi hafa margir skólar tekið upp á því að bjóða lesblindum að fá verkefni og próf á lituð blöð. Litaðar tússtöflur virka svipað,“ útskýrir Snævar.

Oftast eru ljósgulir og ljósbláir litatónar notaðir en það er þó að sögn Snævars einstaklingsbundið hvað hverjum þykir best.

### TILVALDAR Í SKÓLANA

„Töflurnar vinna með lesblindum. Þær vinna hins vegar ekki gegn öðrum nemendum.“

„Ég hef vanið mig á gula litinn en sumum finnst líka gott að skipta á milli lita.“

Snævar er með gula tússtöflu á skrifstofu Félags lesblindra á Íslandi. „Við notum hana á fundum og til að skrifa minnisatriði og setja upp markmið. Hér ríkir mikil ánægja með töfluna og ég sem lesblindur finn mun. Ég gat valið nákvæmlega þann lit sem ég vildi og fékk töfluna merkta félaginu.“

Snævar myndi vilja sjá litaðar tússtöflur í skólastofum. „Töflurnar vinna með lesblindum. Þær vinna hins vegar ekki gegn öðrum nemendum. Ég tek stundum dæmi af því að lyftur eru settar í hús svo fólk í hjólastólum komist á milli hæða. Þær nýtast hins vegar mörgum ófötluðum líka.“

Hægt er að fá töflurnar línustrikaðar og með ýmiss konar bakgrunni eftir því hvaða tilgangi þær eiga að þjóna. Til dæmis með skýjum – með vísun í máltækið skrifað í skýin. Um er að ræða íslenska framleiðslu. Nánar á proarc.is.




**SKAPA HAGSTÆÐARI SKERPUSKIL** Snævar Ívarsson, formaður Félags lesblindra á Íslandi, segir marga lesblinda hafa góða reynslu af því að lesa af ljósgulu eða ljósbláu. „Það er þó aðeins einstaklingsbundið hvaða litur hentar best.“ Litirnir skapa hagstæð skerpuskil á milli bakgrunns og texta.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega. | Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447






VETRARDAGAR
20% afsláttur af öllum fatnaði

Erum búin að kveikja á jólaljósunum og erum með heitt á könnunni.

Parísartízkan býður upp á vandaðan tísku- og skófatnað frá Þýskalandi og Ítalíu í stærðum 36-50.
Áhersla er lögð á gæði og góða persónulega þjónustu.









Parísartízkan
vertu vinur okkar á facebook

BASLER Parísar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

# UMBYLTING Á HEILSU

**ICECARE KYNNIR** *Bio-Kult Original er öflug blanda vinveittra gerla sem styrkja þarmaflóruna. Þórunn G. Þórarinsdóttir mælir með Bio-Kult Original enda hefur heilsa hennar batnað mikið eftir að hún hóf notkun á því.*

Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi hefur náð betri heilsu með notkun Bio-Kult Original. „Forsagan er þannig að ég var mjög veik í mörg ár. Ég ákvað að taka málin í mínar hendur og breytti mataræðinu alveg en náði samt ekki alveg fullri heilsu. Ég hóf þá að kynna mér hvað góðir gerlar geta gert fyrir heilsuna. Ég fann eftir mikla leit á netinu og víðar að sennilega vantaði mig einn ákveðinn geril í meltingarflóruna en það er svokallaður jarðargerill (e. Bacillus subtillis). Ég fór að leita að lifandi gerlablöndum hér á landi sem innihalda þennan geril en það virtist ekki vera í neinu nema Bio-Kult Original-vörunni. Ég ákvað að prófa, og viti menn, það varð algjör umbylting á heilsunni hjá mér!“



**MIKIL HEILSUBÓT** Þórunn G. Þórarinsdóttir heilsuráðgjafi byggir meðmæli sín með Bio-Kult Original á eigin reynslu.
MYND/ERNIR

### ENGIN UPPÞEMBA EÐA RISTILKRAMPI

Bio-Kult Candéa-hylkin geta fyrirbyggt sveppasýkingu í meltingarvegi. Berglind Káradóttir er með óþol fyrir nokkrum fæðutegundum og fékk reglulega ristilkrampa, uppþembdan maga og ógleði. „Ég hef þurft að passa vel upp á mataræðið, ekki síst þegar ég fór í veislur þar sem ég gat ekki vitað hvað var í matnum og fékk krampa í kjölfarið. Eftir að ég byrjaði að taka inn Bio-Kult Candéa breyttist þetta og maginn og ristillinn eru til friðs. Ég tek tvö hylki með morgunmat og ristilkramparnir heyra sögunni til. Ég, systir mín og dóttir tökum allar Bio-Kult með góðum árangri,“ segir Berglind.

Bio-Kult Candéa-hylkin virka sem öflug vörn gegn candida-sveppasýkingu en hún getur komið fram með ólíkum hætti hjá fólki, svo sem munnangur, fæðuóþol, pirringur og skapsveiflur, þreyta, brjóstsviði, verkir í liðum, mígreni eða ýmis húðvandamál.




### BIO-KULT FYRIR ALLA

Innihald Bio-Kult Candéa-hylkjanna er öflug blanda af vinveittum gerlum ásamt hvítlauk og Grape Seed Extract. Bio-Kult Original er einnig öflug blanda af vinveittum gerlum sem styrkja þarmaflóruna. Bio-Kult Candéa og Bio-Kult Original henta vel fyrir alla, einnig fyrir barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Fólk með mjólkur- og sojaóþol má nota vörurnar. Mælt er með Bio-Kult í bókinni Meltingarvegurinn og geðheilsa eftir Dr. Natasha Campbell-McBride.



Birgitta þjáðist af gigt og þurfti að taka sýklalyf reglulega vegna þvagfærasýkingar. Hún segir að það hafi lagast eftir að hún byrjaði að taka Bio-Kult Pro-Cyan.

# ÞVÍLÍKUR LÉTTIR

*Bio-Kult Pro-Cyan inniheldur þrívirka formúlu sem hefur verið vísindalega þróuð og staðfest. Trönuber hindra að E. coli-bakterían nái fótfestu í slímhúð þvagrásar og skola bakteríunni út með þvaginu.*

Birgitta Sveinbjörnsdóttir þjáðist af gigt sem hafði mikil áhrif á heilsufar hennar og líðan. Vegna aukaverkana af lyfjum sem hún þurfti að taka inn fór hún að fá endurtekna þvagfærasýkingar. „Ég þurfti reglulega að taka inn sýklalyf. Ég hafði í mörg ár reynt að nota náttúrulegar leiðir til þess að losna við sýklalyfin en ekkert virkaði. Ég breytti mataræðinu og lífsstílnum og prófaði ýmsar vörur sem áttu að virka gegn þvagfærasýkingum en allt kom fyrir ekki. Ég fékk alltaf endurteknar þvagfærasýkingar,“ segir hún. „Vinkona mín sem er læknir benti mér á að nota Bio-Kult Pro-Cyan gegn þvagfærasýkingunni. Það var ótrúlegt að upplifa loksins eitthvað sem virkaði án þess að nota sýklalyf.




Þvílíkur léttir eftir öll þessi ár. Ef ég gleymi að taka Bio-Kult-hylkin finn ég að þvagfærasýkingin læðist að, þannig að ég passa vel upp á að það gerist ekki. Ég tek tvö hylki á dag alla daga. Ég hef líka notað Bio-Kult Original, þetta gula, til að styrkja magaflóruna betur og það hefur einnig hjálpað mér til að styrkja meltinguna.“

# NÝJUNG FRÁ BIO-KULT FYRIR BÖRN

*Bio-Kult Infantis er vísindalega þróuð blanda af vinveittum gerlum fyrir börn á öllum aldri.*

Sigríður Alma Gunnsteinsdóttir og Ásgeir Haukur Einarsson eiga litla dóttur sem fæddist með mjög slæmt bakflæði. „Meltingarvegurinn í litlu stelpunni okkar var myndaður strax þegar hún var eins dags gömul því uppköstin voru mjög mikil. Við vissum því að það voru engar þrengingar á meltingarveginum sem orsökuðu uppköstin heldur var ástæðan sú að magaopið var slakt og hleypti því fæðunni bæði upp og niður,“ segir Sigríður.

„Það var búið að prófa nokkur lyf á stelpunni en við sáum aldrei neinn mun á uppköstunum. Okkur var sagt að bíða róleg því magaopið myndi þroskast með tímanum. Þegar við prófuðum Bio Kult Infantis þá sáum við strax mikla breytingu til hins betra. Við prófuðum nokkrum sinnum að sleppa því að gefa henni duftið en þá fóru uppköstin alltaf aftur að aukast,“ bætir Ásgeir við.




„Núna er stelpan okkar orðin eins árs og við gefum henni enn þá Bio-Kult Infantis því það er auðsjáanlega gott fyrir meltinguna hjá henni. Okkur líður vel með að gefa henni Bio-Kult Infantis því þetta eru aðeins náttúrulegir gerlar, ómega-3 og D-vítamín svo það gerir henni bara gott. Við hvetjum foreldra í svipaðri stöðu til að prófa þessa náttúrulegu gerla því ef þeir geta hjálpað fleiri börnum þá er það þess virði að prófa, barnanna vegna.“

### GOTT FYRIR MELTINGUNA

Bio-Kult Infantis er vísindalega þróuð blanda af vinveittum gerlum fyrir ungbörn og börn á öllum aldri. Það inniheldur sjö gerlastrengi af mismunandi mjólkursýrugerlum. Reynsla og rannsóknir sýna að gerlarnir styrkja og bæta bæði meltinguna og heilsuna.

Í Bio-Kult Infantis er hátt hlutfall af ómega-3, eða eitt milligramm í hverjum skammti. Rannsóknir hafa sýnt fram á að ómega-3 leikur nauðsynlegt hlutverk í myndun heilafrumna. Einnig hefur verið staðfest að ómega-3 hefur bólguhamlandi áhrif og er styrkjandi fyrir ónæmiskerfið.

Bio-Kult Infantis inniheldur fimmtíu prósent af ráðlögðum dagskammti af D3-vítamíni en flestir þekkja gagnsemi D-vítamíns. Einnig er í vörunni blanda efna sem styrkja meltinguna og fyrirbyggja niðurgang. Enginn viðbættur sykur, litar-, bragð- eða aukefni eru í vörunni.



**BREYTING TIL BATNAÐAR** Litla dóttir þeirra Sigríðar og Ásgeirs var með mjög slæmt bakflæði en Bio-Kult Infantis hefur reynst vel gegn því. MYND/VALLI

**SÖLUSTAÐIR OG UPPLÝSINGAR**
***Vörurnar eru fáanlegar í öllum apótekum, heilsuverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar á heimasíðu IceCare, www.icecare.is.***

IceCare
Þín heilsa

# SPARIÐ JÓLAKALORÍURNAR

**AUKAKÍLÓ** *Ef þú vilt ekki fitna um jólin þarftu að vera gagnrýnin/n á þann mat sem þú setur ofan í þig á aðventunni. Allir dagar í desember þurfa ekki að vera veisludagar. Með smá fyrirhyggju er þó vel hægt að komast hjá því að fitna.*

Fólk fer ekki í yfirvigt við það eitt að smakka rifjasteik eða beikon. Það er allt í góðu lagi að gera vel við sig stundum. Lítlir skammtar af feitu kjöti með miklu grænmeti er besta lausnin til að koma í veg fyrir aukakíló. Vitaskuld heldur fólk í hefðirnar í desember og það er alveg í góðu lagi. Engin ástæða er þó til að borða á sig gat, eins og sagt er. Gott er að drekka eitt glas af vatni fyrir matinn. Það gerir líkamanum gott áður en hann fær í sig þungan, reyktan mat. Ágætt ráð er að borða hægt, ekki háma í sig og gleyma að tyggja. Skerið burt sem mesta fitu af steikinni.

Góður fiskur með góðu salati getur verið veislumatur. Það er ágætt að hafa slíkan mat hversdags í desember. Þegar farið er á jólahlaðborð sem svignar undan kræsingum er gott ráð að byrja á því að borða salat og grænmeti. Þótt þú viljir létta þig er engin ástæða til að sleppa jólahlaðborðum, bara velja vel hvað þú setur á diskinn. Í eftirrétt er ágætt að velja ávexti, hnetur og ber. Ef valið er eitthvað sætt eins og karamellubúðingur, er best að setja minna á diskinn en vanalega.

Smákökur og sælgæti er á borðum hjá mörgum á aðventunni. Þá er freistandi að næla sér í bita af og til. Það er hins vegar ekki æskilegt fyrir þá sem vilja grennast. Betra er að geyma öll sætindi uppi í skáp fremur en að hafa þau alltaf á borðum. Best er að borða reglulega en minna í einu.

Þá ætti fólk að muna að hreyfing er líka nauðsynleg á hátíðardögum. Það átta sig kannski ekki allir á því að jólakaloríurnar koma líka með jólabjórnum og léttvíninu. Alkóhól inniheldur margar hitaeiningar. Fjórir hálfslítra bjórar eru í raun dagskammtur af kaloríum fyrir kvenmann.

**RÁÐ FYRIR JÓLABORÐIÐ**

- Ekki fara hungruð/aður á jólahlaðborð. Best er að borða reglulega yfir daginn áður en haldið er í veislu. Þá er léttara að hemja átið.
- Byrjið á því að borða vel af grænmeti, fiski og fitulausu kjöti.
- Sleppið brauði, kartöflum, hrísgrjónum og pasta ef slíkt er í boði.
- Bíðið með að borða rifjasteik og reykt kjöt þar til svengdin er að mestu horfin.
- Í staðinn fyrir feita rjómasósu ætti að velja sultaðar agúrkur, lauk eða chutney. Ef sósan er nauðsynleg, setjið þá lítið af henni.
- Leggið hnífapörin frá ykkur annað slagið og njótið bragðsins af matnum.
- Sparið áfengi og drekkið mikið vatn.
- Veljið eftirrétt sem er minnst fitandi.
- Dansið af krafti eftir máltíðina til að brenna kaloríunum.



**LJÚFFENGT** Rifjasteik er ljúffeng en fitandi.

**KALORÍUR Í 100 G**

- ***feit rifjasteik – 900 kal***
- ***purusteik – 446 kal***
- ***kartöflur – 74 kal***

**KALORÍUR Í GLASI**

- ***1 glas af þurru hvítvíni – 101 kaloría***
- ***1 glas af sætu hvítvíni – 149 kaloríur***
- ***1 glas af rauðvíni – 108 kaloríur***
- ***1 glas af rósavíni – 104 kaloríur***
- ***1,5 l bjór, 4,7% – 210 kaloríur***
  ***Bjórinn er kaloríuríkari eftir því sem hann er sterkari.***



**VEISLUBORÐ** Jólakræsingarnar eru freistandi. Þeir sem vilja halda sér í kjörþyngd eða vilja grennast ættu að fara varlega í feitan mat og sætindi í desember.


# VIÐ SVEPPASÝKINGUM Í LEGGÖNGUM

**VISTOR KYNNIR** *Pevaryl skeiðarstíla og Pevaryl krem til staðbundinnar notkunar við sveppasýkingum í leggöngum.*

Pevaryl sveppalyf fæst án lyfseðils og er ætlað til sjálfsmeðhöndlunar á sveppasýkingum í leggöngum fyrir konur sem áður hafa verið greindar hjá lækni og þekkja einkennin. Pevaryl inniheldur virka efnið econazol sem hefur breiða sveppaeyðandi verkun. Econazol frásogast lítið og er því fyrst og fremst um staðbundna verkun að ræða.

Að sögn Guðnýjar Traustadóttur, markaðstengils hjá Vistor, er mikil reynsla komin á lyfið en Pevaryl hefur verið á markaði hér á landi í 35 ár og verið notað af fjölda kvenna.

Fjöldi kvenna á barneignaraldri fær einhvern tímann sveppasýkingu í leggöng og um það bil helmingur þeirra fær hana að minnsta kosti einu sinni aftur. Sýkingin kemur frá smásæjum sveppi, „Candida albicans", sem almennt er til staðar í líkamanum en ef jafnvægi hans raskast getur það valdið sveppasýkingu.

Sveppasýking þrífst best þar sem er rakt, hlýtt og þétt, svo sem í leggöngum. Sveppasýking herjar oft á konur á barneignaraldri þar sem þær hafa meira af hormóninu östrógeni, en það eykur glúkósamagn í leggöngunum sem sveppurinn nærist á. Auk þess kemur sveppasýking oft fram í tengslum við sýklalyfjameðferð, að sögn Guðnýjar.

Guðný segir að það geti verið kostur að nota staðbundið lyf eins og Pevaryl við sveppasýkingum í leggöngum þar sem frásog þess er lítið.

**EINKENNI SVEPPASÝKINGAR**

Helstu einkenni sveppasýkingar eru kláði í og utan við leggöng, hvítleit og jafnvel kornkennd útferð. Slímhúðin getur auk þess verið sár, þurr og með sviða.

**PAKKNINGAR PEVARYL:**

- 1 Depot forðastíll og krem (samsett meðferð)
- 3 skeiðarstílar og krem (samsett meðferð)
- 1 Pevaryl Depot forðastíll (eins dags meðferð)

Setjið skeiðarstílinn hátt í leggöng að kvöldi fyrir svefn. Berið kremið á og í kringum leggangaop og/eða á skapabarmana 2-3 sinnum á dag þar til óþægindin eru horfin og í þrjá daga til viðbótar. Þegar keyptur er pakki með 3 stílum er mjög mikilvægt að klára meðferðina, það er þrjú kvöld í röð.

Pevaryl má nota á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu en ekki skal nota Pevaryl á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema samkvæmt læknisráði.

**Pevaryl fæst án lyfseðils í næsta apóteki.**




*Pevaryl 150 mg skeiðarstíll, Pevaryl Depot 150 mg skeiðarstíll og Pevaryl 1% krem (í samsettum pakkningum) (innihalda econazolnítrat) eru breiðvirk sveppalyf við sveppasýkingum í leggöngum (leggangabólga og skapabólga af völdum gersveppa). Skammtar: Einn skeiðarstíll hátt í leggöng að kvöldi fyrir svefn, 3 daga í röð (Pevaryl-skeiðarstíll) eða einu sinni (Pevaryl Depot-skeiðarstíll). Krem: Berist á svæðið í kringum leggangaop og endaþarmsop tvisvar-þrisvar á dag. Meðferð á að vara í 3 daga eftir að óþægindi eru horfin. Meðhöndlun maka: Þvoið reður og forhúð og berið kremið á tvisvar á dag þar til óþægindi hverfa og í 3 daga eftir það. Þungaðar konur ættu að þvo hendur vandlega fyrir notkun skeiðarstíla. Frábendingar: Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna. Varnaðarorð: Pevaryl og Pevaryl Depot má ekki nota samhliða annarri meðferð í eða á kynfærum. Ef fram koma merki um ertingu eða ofnæmi skal hætta meðferð. Pevaryl-krem inniheldur bensósýru sem getur haft væg ertandi áhrif á húð, augu og slímhúðir og bútýlhýdroxýanisól sem getur valdið staðbundnum aukaverkunum í húð (snertiexemi) eða haft ertandi áhrif á augu og slímhúð. Pevaryl-skeiðarstílar innihalda efni í olíugrunni sem getur haft áhrif á og dregið úr öryggi latexhetta og latexverja. Ekki skal nota lyfin samtímis slíkum verjum. Þeir sem nota sæðisdrepandi lyf skulu ráðfæra sig við lækni, þar sem staðbundin meðferð í leggöngum getur gert sæðisdrepandi lyf óvirkt. Meðganga / brjóstagjöf: Pevaryl má ekki nota á fyrsta þriðjungi meðgöngu nema skv. læknisráði. Nota má Pevaryl á öðrum og síðasta þriðjungi meðgöngu ef hugsanlegur ávinningur fyrir móður vegur þyngra en möguleg hætta fyrir fóstrið. Ekki er þekkt hvort econazolnítrat berst í brjóstamjólk. Gæta skal varúðar við notkun Pevaryl hjá konum með barn á brjósti.*




**BAKTERÍUR** Ofurbakteríur eru bakteríur sem eru ónæmar fyrir mörgum eða öllum sýklalyfjum.

# OFURBAKTERÍUR VALDA USLA

*Ný bresk greining gerir ráð fyrir því að ef ekkert verður að gert muni dauðsföllum vegna ónæmra baktería fjölga óhóflega í heiminum.*

Ofurbakteríur, eða superbugs, eru bakteríur sem eru ónæmar fyrir mörgum eða öllum sýklalyfjum. Þær valda nú þegar talsverðum vandræðum á sjúkrahúsum og víðar en talið er að tíðni þeirra muni aukast verulega með tímanum. Á heilsuvef BBC er greint frá nýrri greiningu sem hópur undir stjórn hagfræðingsins Jims O'Neill gerði nýverið á framtíðarhorfum heimsins ef slíkar bakteríur fá að þróast óáreittar. Hópurinn var skipaður af David Cameron, forsætisráðherra Breta.

Þar kemur meðal annars fram að í dag megi rekja dauða 700 þúsund manns til þessara ofurbaktería á ári. Í greiningunni er gert ráð fyrir því að ef ekki verði gripið til aðgerða muni slíkar bakteríur valda 10 milljónum dauðsfalla árlega fyrir árið 2050 sem eru fleiri dauðsföll en verða vegna krabbameina í dag.

Í Evrópu og Bandaríkjunum draga ónæmar bakteríur 50 þúsund manns til dauða hvert ár en sú tala gæti hækkað tífalt til ársins 2050.

Vandinn yrði þó mestur í löndum á borð við Rússland, Indland, Kína og Nígeríu. Þannig er talið að árið 2050 gæti fjórðungur dauðsfalla í Nígeríu verið tilkominn vegna ónæmra baktería.

Fram kemur í greiningunni að bakteríur sem valdi E. coli-sýkingu, malaríu og berklum gætu haft mest áhrif.

Rannsakendur sögðu þessar tölur fremur varlega áætlaðar enda tóku þeir ekki tillit til þeirra áhrifa sem það hefði á heiminn ef öll sýklalyf yrðu óvirk. Þá töldu þeir vandamálið ekki aðeins heilsufarslegt heldur einnig efnahagslegt og félagslegt og brýn nauðsyn að spyrna við fótum.

# GLÚTENFRÍ JÓL

ÞRIÐJUDAGUR 16. DESEMBER 2014

Kynningarblað



## Þarf opnari umræðu

**Anna Kolbrún Jensen hefur stofnað samtök fyrir seliaksjúklinga. Hún vill auka þekkingu á sjúkdómnum.**

SÍÐA 2

## Bylting í úrvali

**Næringarráðgjafinn Borghildur Sigurbergsdóttir segir byltingu hafa orðið í úrvali á glútensnauðum vörum.**

SÍÐA 4

## Glútenlaus kaka

**Oddrún Helga Símonardóttir gefur uppskrift að glúten- og mjólkurlausri súkkulaðiköku með karamellusósu.**

SÍÐA 6

MYND/GETTYIMAGES

# Vilja opnari umræðu um seliak

Dóttir Önnu Kolbrúnar Jensen er með seliaksjúkdóminn. Anna Kolbrún upplifði skilningsleysi á sjúkdómnum í samfélaginu og stofnaði því, ásamt öðrum, samtök fyrir sjúklinga með seliak. Seliak er sjálfsofnæmissjúkdómur sem hefur mörg einkenni.

Anna Kolbrún Jensen, vefstjóri hjá Mamma veit best ehf., er formaður Seliak- og glútenóþolssamtaka Íslands, sem eru samtök fyrir einstaklinga með seliaksjúkdóminn, glútenóþol, hveitiofnæmi, mjólkurofnæmi og -óþol, og aðstandendur þeirra.

Hún á sjálf sex ára dóttur með seliaksjúkdóminn. „Dóttir mín var greind þriggja ára með seliaksjúkdóminn þegar við bjuggum í Svíþjóð. Þar er mikil almenn þekking á sjúkdómnum en þegar við fluttum heim fyrir einu og hálfu ári fann ég hvað það var lítill skilningur á seliak hér á landi, bæði utan og innan heilbrigðiskerfisins. Samt var ég með alla pappíra um greiningu hennar frá sænsku læknunum. Á endanum komumst við í samband við meltingarsérfræðing og þá vorum við komnar á réttan stað og fólk vissi hvað ég var að tala um. Ég vil taka það fram að ég hef verið einstaklega heppin með leikskóla og grunnskóla dóttur minnar. Sérfæði hefur þess vegna gengið vel en sömu sögu hafa ekki allir aðrir að segja. Sérfæði hjá opinberum stofnunum og þá líka á frístundaheimilum varðar mannréttindi og ætti alltaf að vera til staðar.“

### Mikið mál að vera með seliak

Anna Kolbrún segir meðlimi samtakanna leggja mikla áherslu á að fólk viti hver munurinn er á glútenóþoli vegna seliak og það sem almenningur kallar oft glútenóþol. „Það má ekki gera lítið úr þeim sem eru með glútenóþol en það er töluvert meira vandamál að vera með seliak. Glútenóþol án þess að hafa seliak er vissulega raunverulegt og læknisfræðilega viðurkennt en þarmarnir skemmast ekki eins og hjá þeim sem hafa seliaksjúkdóminn. Þeir sem eru með seliak mega ekki fá snefil af glúteni. Það þýðir að til dæmis þurfa þeir að hafa sér brauðrist fyrir sig því annars getur þeirra brauð smitast af hinu brauðinu. Þeir geta ekki farið á veitingastað og beðið einfaldlega um glútenlaust fæði því margir þekkja ekki sjúkdóminn og vita ekki að það þarf að þrífa áhöld og þvo hendur og að meðhöndlun matarins er önnur.“

### Sjálfsofnæmissjúkdómur og afleiðingin næringarskortur

Seliak er sjálfsofnæmissjúkdómur sem hefur mörg einkenni og sjúkdómurinn getur ýmist verið mjög virkur, nánast einkennalaus og allt þar á milli. „Sjúkdómurinn er mjög virkur hjá dóttur minni. Hún ælir eða fær niðurgang nánast strax ef hún fær snefil af glúteni. Áður en hún greindist var hún slæm í maga en hefðum við verið hér heima er ekki víst að hún hefði fengið greiningu. Hún var líka skapstór en vanlíðanin getur komið út í skapsveiflum. Sjúkdómurinn er alls ekki svo augljós hjá mörgum og fólk getur haft einkenni í mörg ár án þess að vita hvað er að. Fólk með seliak á það sameiginlegt að það verður fyrir næringarskorti því bólgur í slímhúð þarmanna verða til þess að líkaminn nær ekki að nýta næringuna. Dóttir mín var með mikinn næringarskort þegar hún greindist, þrátt fyrir að vaxa og stækka þá vantaði hana mikið af vítamínum,“ útskýrir Anna Kolbrún.

### Mikil breyting á lífsstíl

Seliak er hægt að greina með blóðprufu eða þarmaspeglun og þegar fólk fær greiningu þarf það að lifa hundrað prósent glútenlausum lífsstíl. „Þegar fólk greinist þarf það að læra inn á ýmislegt. Dóttir mín greindist í Svíþjóð og ég fékk allar upplýsingar og fræðslu og var drifin á foreldranámskeið. Með stofnun samtakanna viljum við auka þekkingu á sjúkdómnum og opna umræðu um hann. Fólk getur vissulega verið viðkvæmt fyrir glúteni þó það sé ekki með seliak. Umræðan er að opnast og æ fleiri spá í mataræðið og hvernig þeim líður af því. Þegar fólk er meðvitað og upplýst um hvað glútenóþol og seliak er eru meiri líkur á að það leiti sér aðstoðar. Þetta finnst okkur bæði jákvætt og mikilvægt því tölur benda til þess að sjúkdómurinn sé stórlega vangreindur hér á landi. Með aukinni umræðu og eftirspurn má líka búast við betra úrvali af glútenlausum mat bæði í verslunum og á veitingastöðum,“ segir Anna Kolbrún.


Anna Kolbrún Jensen er formaður Seliak- og glútenóþolssamtaka Íslands. MYND/GVA

> **Fólk með seliak á það sameiginlegt að það verður fyrir næringarskorti því bólgur í slímhúð þarmanna verða til þess að líkaminn nær ekki að nýta næringuna.**

Glútenlaust mjölmix í baksturinn




finax
-einfalt, glútenlaust og gott!

## Hveitiofnæmi og spelt

Speldi er forn hveititegund (Triticum spelta) og hefur notið nokkurra vinsælda undanfarið sem heilsufæði. Í kjölfarið hefur sá misskilningur komist á kreik að speldi henti þeim vel sem þarf að forðast glúten.

Glútenóþol (seliaksjúkdómur) er þarmasjúkdómur og veldur því að sá sem hefur þennan sjúkdóm er með ævilangt óþol gegn próteini sem kallað er glúten. Þetta prótein er að finna í hveiti, speldi, rúgi, byggi og höfrum.

Eins og áður segir er speldi forn hveititegund sem inniheldur sömu prótein og finnast í venjulegu hveiti. Einstaklingar með glútenóþol geta oft borðað matvæli sem innihalda glúten án þess að verða varir við einkenni sjúkdómsins og getur liðið langur tími áður en neysla á korni sem inniheldur glúten veldur einkennum glútenóþols.

Sjúkdómurinn getur birst fólki á öllum aldri og einkenni hans eru oft ólík eftir því á hvaða aldri fólk fær sjúkdóminn. Einkennin geta verið loftgangur, þunnar hægðir og vannæring sem getur hamlað vexti hjá börnum. Önnur einkenni geta verið hægðatregða, blóðleysi, liðverkir og þyngdartap. Glútenóþol er staðfest með blóðprufu og vefsýni frá þörmum.


Þeir sem eru með glútenóþol eru með ævilangt óþol gegn próteini sem kallað er glúten en það er að finna í hveiti, speldi, rúgi, byggi og höfrum.

Þar sem merkingar á vörum eru á ýmsum tungumálum eru hér ensk og dönsk heiti yfir korntegundir sem innihalda glúten:
**hveiti** (danska: *hvede*, enska: *wheat*)
**speldi** (danska: *spelt*, enska: *spelt*)
**rúgur** (danska: *rug*, enska: *rye*)
**bygg** (danska: *byg*, enska: *barley*)
**hafrar** (danska: *havre*, enska: *oats*) *Heimild: Matvælastofnun - mast.is*

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 512-5446
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



Glútenfrítt pasta er vinsæl vara enda matur sem flestir borða með góðri lyst.



Glútenfrír kraftur hentar mjög vel í súpur, sósur og alls konar rétti.



Brauð- og kökumix frá Toro í ýmsum gerðum.



Fjarðarkaup selur gott úrval af kexi fyrir öll tilefni.



Úrval bragðgóðra sósa við allra hæfi.



Ávaxta- og hnetustangir eru vinsælar milli mála.

# Frábært úrval glútenlausra vara

**Um ellefu ára skeið hafa Fjarðarkaup selt glútenlaus matvæli. Upphaflega voru þau seld í sérdeild innan verslunarinnar en eftir því sem eftirspurnin jókst voru vörurnar færðar fram í verslun. Nýjar vörur bætast reglulega við flóruna og verslunin á tryggan hóp viðskiptavina.**

Verslunin Fjarðarkaup í Hafnarfirði selur eitt landsins mesta úrval glútenlausra matvæla. Um ellefu ár eru síðan verslunin opnaði Fræið, sérdeild með lífrænar vörur innan verslunarinnar. Þar hófst sala glútenlausra matvæla, fyrst í litlum mæli, en úrvalið jókst ár frá ári enda sívaxandi eftirspurn eftir slíkum vörum að sögn Gíslínu Sigurgunnarsdóttur deildarstjóra. „Eftirspurn viðskiptavina okkar hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og mikil ánægja ríkir með það mikla úrval sem við bjóðum upp á hér í verslun okkar. Það eru ekki bara þeir sem hafa ofnæmi eða óþol fyrir glúteni sem versla hér heldur kjósa einfaldlega margir að útiloka það úr fæðu sinni. Tryggingastofnun tekur þátt í að niðurgreiða hluta þessa kostnaðar fyrir viðskiptavini og því skiptir miklu máli að allar vörur séu merktar rétt á strimlinum."

Nokkur ár eru síðan glútenlausu vörurnar voru færðar úr Fræinu fram í verslun enda eftirspurnin og vöruúrvalið það mikið að sögn Gíslínu. „Það var ekki lengur pláss inni í Fræinu og því voru vörurnar færðar fram. Í fyrstu dugði eitt hillubil en nú eru þær á þremur hillubilum, stútfullar af fjölbreyttum vörum. Svona gott pláss skapar mikil þægindi fyrir viðskiptavini okkar. Það má einnig nefna að við fáum sífellt fleiri unga krakka hingað með foreldrum sínum sem þurfa sérfæði. Bjart og gott hillupláss hjálpar mikið til við að kynna sér réttu vörurnar. Margar aðrar verslanir selja glútenlausar vörur á milli annarra hefðbundinna vara og því er þetta fyrirkomulega auðvitað mjög þægilegt fyrir alla aðila."

Meðal vöruflokka sem Fjarðarkaup bjóða upp á má nefna ýmsar gerðir af mjöli til baksturs, hrökkbrauð, múslí, kornflex, pasta, brauðrasp, kraft og ýmsar gerðir af sósum. „Hrökkbrauð, kex og morgunkornið eru sérstaklega vinsælar vörur hjá okkur og svo auðvitað mjölið sem fólk bakar úr, til dæmis brauð og pitsudeig. Við bætum svo reglulega við okkur nýjum vörum sem viðskiptavinir okkar eru mjög ánægðir með. Nýlega höfum við til dæmis sölu á grófu kornkexi sem svipar til Ritz-kexins vinsæla."

Nær allar glútenlausar vörur



„Eftirspurn viðskiptavina okkar hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og mikil ánægja ríkir með það mikla úrval sem við bjóðum upp á hér í verslun okkar," segir Gíslína Sigurgunnarsdóttir, deildarstjóri hjá Fjarðarkaupum. MYNDIR/GVA

Fjarðarkaupa eru innfluttar að sögn Gíslínu. „Tveir stærstu birgjar okkar eru Heilsa og Yggdrasill en við seljum mikið af vörum frá þeim. Einnig bjóðum við upp á gott úrval vara frá Arka og Toro."

Allar nánari upplýsingar má finna á ***www.fjardarkaup.is*** og Facebook-síðu Fjarðarkaupa.

# Glútenóþol krefst skipulags

**Borghildur Sigurbergsdóttir næringarráðgjafi hefur í tuttugu ár unnið með fólki sem greinst hefur með glútenóþol. Hún segir þá sem þjást af glútenóþoli fyrst og fremst þurfa að læra að skipuleggja sig þegar borðað er utan heimilis. Bylting hefur orðið á úrvali af glútensnauðum vörum síðustu ár. Glúten er í fjölmörgum unnum matvörum.**

Það fólk sem kemur til mín hefur iðulega verið greint með seliaksjúkdóminn hjá meltingarsérfræðingum," segir Borghildur. Seliak er krónískur þarmasjúkdómur og lýsir sér þannig að slímhúð smáþarmanna skaðast og bólgnar af völdum glútens.



Borghildur segir mikilvægt að þeir sem taki glúten úr fæðunni finni aðrar fæðutegundir í stað þeirra sem teknar eru út. MYND/ERNIR

## Misjöfn einkenni

„Einkennin geta verið mjög margvísleg. Sumir eru ekki með nein einkenni en greinast í gegnum blóðprufu, en í henni getur komið í ljós að fólk er með járnskort og vantar næringarefni í blóðið sem gefur vísbendingu um að eitthvað sé að frásoginu í þörmunum. Aðrir eru með slæm meltingareinkenni, verki, lystarleysi, niðurgang og almenna vanlíðan. Enn aðrir þjást af óútskýrðu þyngdartapi," lýsir Borghildur.

Greining á seliaksjúkdómnum fer þó alltaf fram með þeim hætti að slímhúðin innan á þörmunum er skoðuð af lækni. Slímhúð þarmanna er skemmd vegna ofnæmisviðbragða við glúteni og hefur því sérstakt útlit. „Þessar skemmdir í smáþörmunum ganga til baka við meðferð sem snýst um að útiloka glúten úr fæðunni," segir Borghildur.

Hún segir í raun fáa þjást af seliak á Íslandi. „Aftur á móti eru margir sem telja sig þola mjög illa hveiti og yfirfæra það á glúten. Við vitum í raun mjög lítið um slíkt óþol en það er allt annað en seliak," segir Borghildur en slíkt kallast gluten-sensitivity eða viðkvæmni fyrir glúteni.

„Þetta geta verið ýmiss konar meltingareinkenni sem ganga til baka ef fólk forðast hveiti eða glúten. Flestir finna út úr þessu með reynslunni en engin greining er til hjá læknum."

## Hvað er til ráða?

„Það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allt glúten úr fæðunni. Það er að finna í þremur korntegundum, hveiti, byggi og rúgi. Hafrar eru glútenlausir en samt þarf yfirleitt að forðast þá þar sem þeir eru oft hveitiblandaðir í gegnum vinnsluna," lýsir Borghildur. Nauðsynlegt er að lesa vel innihaldslýsingar á öllum vörum því þessar korntegundir geta leynst í ótrúlegustu vörum.

Með því að forðast glúten er þarmurinn ekki útsettur fyrir áreitinu sem veldur skemmdunum og getur þannig jafnað sig með tímanum.

Borghildur segir mikilvægt að þeir sem taki glúten úr fæðunni finni aðrar fæðutegundir í stað þeirra sem teknar eru út þannig að ekki sé gengið á næringarástandið. „Þetta eru mjög næringarríkar matvörur sem er verið að útiloka. Nærri allt kornmeti, brauð og flest morgunkorn, en hægt er að finna glútensnauð afbrigði af þessu flestu," segir hún og nefnir sem dæmi glútenlaust brauð sem sé hægt að kaupa tilbúið eða í brauðblöndum í poka sem megi baka heima. „Ég legg mesta áherslu á að fólk hafi eitthvert glútenlaust brauð eða hrökkbrauð til að koma í staðinn fyrir brauðið."

## Bylting í úrvali

Borghildur segir að á síðustu árum hafi bylting orðið í úrvali á glútenlausum vöru. „Fyrir um 20 árum, þegar ég byrjaði að vinna með glútenóþol, var bara til mjöl og nokkrar tegundir af kexi. Síðan hefur komið á markaðinn ótrúlegt úrval af ýmsum brauðum, sætabrauði, kexi, pasta, morgunkorni og ýmsum tilbúnum bökunarblöndum," segir Borghildur en viðurkennir þó að úrvalið á Íslandi sé ekki nema brotabrot af því sem það er í öðrum löndum. „Sumir byrgja sig upp þegar þeir fara til útlanda."

## Spurning um skipulag

Innt eftir því hvort mikil lífsstílsbreyting verði hjá fólki með glútenóþol segir Borghildur svo ekki vera. „Þetta er dálítið átak til að byrja með en svo lærir fólk hvernig það kemst framhjá gildrunum. Það er að mörgu að huga í hversdagsleikanum því glúten er í svo mörgu í kringum okkur. Hins vegar er ekkert erfitt að vera með glútenóþol ef maður er heima hjá sér því það er tiltölulega auðvelt að búa til mat án glútens, sérstaklega eldaðar máltíðir. Það eru ekki miklar breytingar sem þarf að gera í því fyrir utan ákveðnar áherslubreytingar varðandi sósur og annað," segir Borghildur. Hins vegar segir hún mun erfiðara

> **Þetta er dálítið átak til að byrja með en svo lærir fólk hvernig það kemst fram hjá gildrunum. Það er að mörgu að huga í hversdagsleikanum því glúten er í svo mörgu í kringum okkur.**

að vera utan heimilisins og utan daglegrar rútínu. „Það getur verið snúið að fara á veitingastaði, í ferðalög eða matarboð. Þá skiptir miklu máli að skipuleggja sig. Til dæmis er hægt að taka með sér nesti eða hringja á undan sér og láta vita. Veitingastaðir ættu til dæmis allir að geta afgreitt glútenlaust fæði ef látið er vita með fyrirvara."





Hressandi námskeið fyrir þá sem vilja koma sér af stað, setja sér markmið varðandi hreyfingu og mataræði og huga að andlegri líðan.

Á námskeiðinu lærum við að bera ábyrgð á eigin heilsu með því að huga að mataræði, reglulegri hreyfingu, streitu og andlegri heilsu. Á námskeiðinu er lögð áhersla á hressilega hreyfingu, hollt mataræði, fræðslu, slökun og útivist í fallegu umhverfi. Farið verður í markmiðasetningu í heilsueflingu og mikilvægi þess að horfa lengra fram í tímann.

**Verð pr. einstakling með gistingu er 145.000 kr. í einbýli en 135.000 kr. í tvíbýli. 70.000 kr. án gistingar.**

**Nánari upplýsingar og skráning á heilsustofnun.is eða í síma 483 0300.**

Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands

*– berum ábyrgð á eigin heilsu*


## GLÚTENFRÍAR PIPARKÖKUR



keepitsimplekeepitfresh.blogspot.com

3 ⅓ bolli hrísgrjónamjöl
1 ½ tsk. matarsódi
¼ tsk. salt
1 ¼ tsk. kanill
1 ¼ tsk. engifer
1 ¼ tsk. allrahanda (All spice)
¼ tsk. malaður negull
1 bolli ósaltað smjör við stofuhita
¾ bollar sykur
¾ bollar dökkur púðursykur
1 stórt egg
¼ bolli melassi

*Hrærið saman mjölinu, matarsóda, salti kanil, sykri, allrahanda og negul og setjið til hliðar. Þeytið saman sykurinn og smjörið, bætið eggi og melassa út í og blandið vel. Bætið þurrefnunum smám saman út í og hrærið á meðan þar til allt er vel blandað. Skiptið deiginu í tvennt, vefjið í plastfilmu og geymið í kæli í klukkustund. Rúllið svo hvorn hluta út á borðinu milli tveggja laga af bökunarpappír. Skerið út skemmtileg form og bakið í 8-10 mínútur við 175 gráður. Tíminn fer þó aðeins eftir stærð og þykktinni á kökunum.*

# Frábært í baksturinn og bústið

**FiberHusk** er hrein glútenfrí vara sem inniheldur 85% fæðutrefjar. FiberHusk er góð og holl viðbót í matargerð og í bakstur. Með FiberHusk hefast deigið betur, glútenfría brauðið helst mjúkt og ferskt lengur, það er safaríkara og molnar minna við skurð.

Ég hef áður deilt með ykkur kynnum mínum af FiberHusk-vörunni. Ég kynntist vörunni fyrst þegar ég bjó í Svíþjóð fyrir fimm árum. Ég baka mikið, bæði í sparnaðarskyni og svo vil ég gjarnan vera meðvituð um það sem ég læt ofan í mig. Sérstaklega finnst mér mjög gott að setja FiberHusk út í brauðuppskriftir til að gera brauðið trefjaríkara. FiberHusk hentar mjög vel fyrir þá sem velja glútenlaust fæði þar sem oft eru ekki nægilega miklar trefjar í því. Ég hef ekki alveg sleppt glúteni úr minni fæðu en mér finnst ákaflega gott að taka frí frá glúteni annað slagið. Ég hef prófað mig áfram með FiberHusk í matargerð og ég á mér nokkrar góðar uppskriftir sem mér er ljúft að deila með ykkur.

## FiberHusk í bakstur

FiberHusk er frábært í bakstur, deigið nær að binda vökvann betur og brauðið heldur ferskleikanum lengur. Glútenlaust brauð eða brauð með FiberHusk inniheldur mun meiri trefjar, mettar betur en venjulegt hvítt brauð og meltingin verður betri. Brauð sem inniheldur FiberHusk er safaríkara. Það stuðlar að því að deig úr náttúrulegum glútenlausum hveititegundum lyftir sér betur. Glútenlaus brauð og kökur fá betri áferð auk þess sem FiberHusk kemur í veg fyrir að það molni.

Í dag nota ég þessa vöru mikið í ýmsa rétti svo sem brauð og drykki.

## Hvað er FiberHusk?

FiberHusk er trefjavara sem leysa má upp í vatni. Varan inniheldur malað hýði fræja af indversku plöntunni Plantago ovata Forsk.



Berglind Arndal hefur notað FiberHusk í bakstur með góðum árangri.

## Fyrir hverja?

FiberHusk er fyrir alla, bæði fullorðna og börn. Oft erum við ekki að fá nægilegt magn af trefjum. Fullorðnir ættu að neyta a.m.k. 25-35 g af trefjum daglega. Kosturinn við FiberHusk er að það er 100% glútenlaust og án allra aukefna. Trefjarík fæða hefur að jafnaði þau áhrif að hægðir verða reglulegri. Það stafar af því að trefjarnar drekka í sig vökva sem veldur því að hægðirnar verða mýkri en ella. Trefjar örva einnig þarmahreyfingar og stuðla þannig að örari losun hægða og eru til gagns fyrir bakteríur í ristli sem við þurfum á að halda við meltinguna. Allir þessir eiginleikar koma að góðu haldi gegn hægðatregðu og ristilvandamálum.

FiberHusk er þó ekki ætlað börnum undir þriggja ára aldri, þau eiga ekki að neyta meira en sem nemur 15 grömmum af trefjum á dag.

Hér koma nokkrar af mínum uppáhaldsuppskriftum.

## Steinaldarbrauð

**Þessa uppskrift er hægt að nálgast á husk.dk og hún er ótrúlega góð.**

2 dl möndlumjöl
2 dl hörfræ
2 dl sólblómafræ
1 dl sesamfræ
1 dl graskersfræ
1 dl FiberHusk
3 tsk. salt
2 dl rifinn ostur
2 dl rifinn kúrbítur
5 egg
½ dl ólívuolía

*Byrja á að hræra eggin vel í hrærivél, blanda síðan öllum hráefnunum saman og bæta svo olíunni og kúrbítnum við. Sett í brauðform/kökuform og bakað í 1 klukkustund við 160°C.*

## Gróft brauð með fræjum og hnetum

3 dl gróft spelt eða heilhveiti (má einnig blanda saman maísmjöli og kókosmjöli, fyrir þá sem vilja)
1 dl FiberHusk
1 dl möndlumjöl
4 tsk. vínsteinslyftiduft
1 dl haframjöl (glútenlaust fyrir þá sem vilja)
2 dl múslí sem er í uppáhaldi hjá ykkur (eða glútenlaust múslí)
4-5 dl fræblanda
½ dl chia-fræ (ef þið notið það þurfið þið að setja 1–2 dl vatn í viðbót, þar sem chia-frægin draga mikinn vökva í sig)
1 dl hnetur eða möndlur (má sleppa)
6 dl AB mjólk

*Hrært vel saman og sett í brauðform, bakað í u.þ.b. 50-60 mínútur við 200°C.*




FiberHusk er glútenfrí vara sem inniheldur 85% fæðutrefjar. FiberHusk er frábært í baksturinn svo glútenfría brauðið verður safaríkara og molnar minna við skurð.

*Svo er um að gera að prófa sig áfram með vöruna. Trefjar bæta meltinguna, eru saðsamar og veita vellíðan. Margar góðar uppskriftir með FiberHusk er m.a. að finna á veftímaritinu Allt om mat.*

## Ljúffengt glútenfrítt brauð

1 ½ tsk .salt
1 msk. ólífuolía
5 dl vatn
1 msk. hunang
50 g ger
2 dl maísmjöl
2 msk. hörfræ
1 msk. FiberHusk
1 dl bókhveitigrjón
4 ½ dl Finmix (fæst meðal annars í Bónus)

*Hitið vatnið upp í líkamshita eða 37°C. Hrærið gerið saman við vatnið. Blandið saman FiberHusk, hörfræjum, bókhveitigrjónunum, olíu, hunanginu og saltinu. Blandið því næst maísmjölinu og Finmixinu saman við og látið hefast í um 30 mínútur. Deigið ætti að vera nógu mikið í tvö form, látið það hefa sig í aðrar 30 mínútur. Bakið brauðin neðarlega í ofninum í 30 mínútur við 200°C. Kælið á grind.*

## Berjaþeytingur

150 g frosin ber
2 dl kókosmjólk eða jógúrt
1 tsk. FiberHusk

*Blanda öllu vel saman í blandara. Með því að bæta FiberHusk í drykkinn verður maður mettari og það kemur einnig jafnvægi á blóðsykurinn.*

## Bragðmiklar kjötbollur (ca. 30 stk.)

400 g nautahakk
2 egg
2 msk. FiberHusk
1 laukur, saxaður smátt
1 rautt chili, saxað smátt
1 dl sólblómafræ
2 tsk. gróft salt
1 tsk. paprikukrydd
1 tsk. chili-krydd

*Setjið allt saman í eina skál og hrærið saman. Setjið meira af FiberHusk ef blandan er of blaut. Mótið litlar bollur og bakið við 200°C í um 35 mínútur.*

## Franskt trefjabrauð

5 egg
2 ½ dl grísk jógúrt
1 dl sesamfræ
1 dl möndlumjöl
¾ dl FiberHusk
½ dl sykur
2 tsk. lyftiduft
1 tsk. salt

*Blandið öllu saman, en geymið hluta af sesamfræjunum til að strá yfir brauðið. Penslið brauðið með eggi eða olíu og stráið sesamfræjum yfir. Bakið í 45 mínútur við 200°C.*






fiber HUSK®

FRÁBÆRT Í BAKSTUR!

**FiberHusk** er hrein náttúruleg, glútenfrí vara sem inniheldur 85% fæðutrefjar. Með því að bæta FiberHusk í brauð og kökur helst brauðið mjúkt og ferskt lengur.

Það er léttara að vinna glútínfría vöru ef **fiberHusk** er notað í uppskriftina. Deigið hefast betur og glútínfría brauðið molnar minna við skurð og verður safaríkara með tilkomu fiberHusk.

**Veljið aðeins það besta í heilsubrauð og annan hollan bakstur um jólin.**

20% AFSLÁTTUR GILDIR TIL 24. DESEMBER!

HUSK **Fleiri uppskriftir og nánari upplýsingar eru á husk.dk**

E.BRIDDE ehf. www.ebridde.is **Fæst í flestum apótekum, Heilsuhúsinu, Lifandi markaði og Fjarðarkaupum.**

# Súkkulaði- og karamellubomba

**Oddrún Helga Símonardóttir tók mataræði fjölskyldunnar í gegn fyrir nokkrum árum. Ástæðan var þrálát veikindi elstu dóttur hennar, stöðug þreyta og slæmt exem í húð. Oddrún heldur úti blogginu heilsumamman.is þar sem hún setur inn uppskriftir.**

Fyrirmyndina að þessari köku bakaði ég oft áður fyrr en þá var hún talsvert óhollari," segir Oddrún Helga Símonardóttir en hún bakar gjarnan glúten- og mjólkurlausa sælgætisbombu þegar fjölskylduna langar í eitthvað sérstaklega gott um helgar.

Oddrún tók mataræði fjölskyldunnar í gegn fyrir nokkrum árum og tók þá út mjólkurmat og minnkaði glúten. Ástæðan var þrálát veikindi elstu dóttur hennar sem var oft lasin og þreytt og var einnig með slæmt exem.

„Um leið og við byrjuðum að breyta mataræðinu sáum við mun," segir Oddrún. „Stelpan okkar er með mjólkuróþol og þegar við tókum út mjólkurvörurnar fengum við nýtt barn í hendurnar. Við tókum alveg út hveiti og glúten um tíma og fundum mikinn mun. Magaverkir hurfu og dökkir baugar undir augum minnkuðu. Þar sem henni leið miklu betur líkamlega batnaði líðanin einnig í leikskólanum og hún tengdist betur krökkunum og styrktist í félagslegum samskiptum."

Oddrún segir breytinguna þó ekki hafa orðið á einni nóttu. Skrefin hafi stundum verið tvö áfram og eitt afturábak en með tímanum komst jafnvægi á hlutina.

„Nú eru nokkur ár liðin og við finnum að hún þolir margt betur í dag en áður og það er hægt að leyfa sér eitt og eitt án þess að það komi bakslag. Í dag erum við ekki alveg glútenlaus þar sem ég nota súrdeigs-speltbrauð og baka oft úr spelti en ég læt hvíta hveitið alveg eiga sig. Þegar ég baka geri ég mjög oft glútenlausar kökur enda eru þær alls ekki síðri á bragðið en mun betri fyrir meltinguna."



Oddrún Helga Símonardóttir heldur úti blogginu heilsumamman.is. MYND/VILHELM

## Glúten- og mjólkurlaus súkkulaðikaka með karamellusósu og pecan-hnetum

3 dl möndlumjöl
¾ dl kókospálmasykur eða strásæta frá Via Health (eða blanda því 50/50)
1 tsk. vínsteinslyftiduft
¼ tsk. salt
2 egg
½ dl kókosolía (eða smjör)
1 tsk. vanilludropar
½ dl valhnetur, smátt brytjaðar

*Bræðið kókosolíuna. Blandið öllum þurrefnunum saman í skál.*

*Hrærið saman eggjunum, kókosolíunni og vanilludropunum.*

*Blandið saman þurru og blautu efnunum og bætið valhnetunum saman við.*

*Bakið í 20 mín við 200°C.*

*Þetta er ekki stór uppskrift, hún passaði í lítið sílíkonmót sem er u.þ.b. 15 cm í þvermál, til að baka í stærra móti er passlegt að tvöfalda uppskriftina.*



**Karamellukrem:**

0,75 dl hlynsíróp
3-4 msk. möndlusmjör (dökkt)
½-1 tsk. hreint vanilluduft

*Blandið vel saman í skál og hellið yfir kökuna þegar hún kemur út úr ofninum.*

*Kökuna má skreyta að vild, á myndinni er stráð yfir karamellukremið dökku súkkulaði og ristuðum makademíuhnetum.*

ÓDÝRIR RÉTTIR ÁN SYKURS, GERS OG HVEITIS




EFTIR HÖFUND METSÖLU-BÓKANNA *LKL* OG *LKL2*

GUNNAR MÁR SIGFÚSSON



Hægt er að nota fisk að eigin vali í þessa góðu súpu.

# Fiskisúpa án glútens

Hér er góð uppskrift að taílenskri fiskisúpu sem flestum ætti að líka við. Hún er glútenlaus en hentar ekki fólki með óþol gagnvart skelfiski. Uppskriftin miðast við fjóra.

**Það sem þarf**

Stór klípa af smjöri
2-3 smátt söxuð hvítlauksrif
1 msk. rifin engiferrót
3 gulrætur í sneiðum
1 paprika, skorin í bita
1 kúfuð tsk. paprikuduft
2 kúfaðar tsk. kóríanderduft
1-2 kúfuð tsk. karrí
1 kúfuð tsk. cumin
safi úr ½ sítrónu
salt og nýmalaður pipar
2,5 dl hrein kókosmjólk
1 lítri rækjukraftssoð (eða fiskisoð)
800 g fiskur að eigin vali, til dæmis ýsa, þorskur, lax og rækjur
ferskt kóríander til skreytingar

**Rækjukraftssoð**

Rækjuskel af 2 kílóum af rækju
100 g smjör
hálfur laukur, smátt skorinn
safi úr hálfri sítrónu
vatn
salt

*Til að gera rækjusoðið þarf ferskar rækjur í skelinni. Steikið laukinn í potti upp úr smjöri og bætið síðan hvítlauknum saman við. Því næst er rækjuskelin sett út í og sítrónusafi kreistur yfir. Leyfið skeljunum aðeins að brúnast áður en vatninu er hellt saman við. Látið malla í hálftíma og takið burt froðu sem getur myndast. Að því búnu er soðið sigtað og saltað með góðu salti. Soðið geymist í nokkra daga í ísskáp en einnig má frysta það.*

**Aðferð**

*Þegar súpan er gerð er hvítlaukurinn steiktur í smjöri í potti. Bætið við kryddi, gulrótum, engifer og papriku. Látið steikjast í nokkrar mínútur. Þá er sítrónusafa bætt saman við, kókosmjólk og rækjukraftinum. Látið malla í um það bil 20 mínútur. Þá er hreinsuðum fiskinum bætt út í. Súpan má malla örlítið en ekki sjóða eftir að fiskurinn er kominn í hana. Ef notaðar eru rækjur eru þær settar síðastar saman við.*

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# ÚRVAL AF GLÚTENFRÍUM VÖRUM Í KRÓNUNNI




Krónan Árbæ | Krónan Bíldshöfða | Krónan Breiðholti | Krónan Granda | Krónan Hvaleyrarbraut | Krónan Lindum | Krónan Mosfellsbæ | Krónan Reykjavíkurvegi | Krónan Vallakór | Krónan Akranesi | Krónan Reyðarfirði | Krónan Selfossi | Krónan Vestmannaeyjum



## GLÚTENFRÍAR KÓKOSPÖNNUKÖKUR

**Þessar amerísku pönnukökur** eru bæði glúten- og laktósafríar, en það finnst ekki á bragðinu. Þær eru léttar í sér og einfalt að gera þær. Ef þú ert ekki með kókosmjöl eða möndlumjöl við höndina er hægt að nota glútenlausa mjölblöndu. Í staðinn fyrir smjör er notuð kókosolía og kókosmjólk í staðinn fyrir venjulega mjólk.

***Uppskrift fyrir 6-8 pönnukökur***

1,5 dl fínt kókosmjöl
1 dl möndlumjöl eða glútenfrí mjölblanda
25 g kókosolía + meira til steikingar
1,5 dl kókosmjólk
1 msk. agave-síróp
0,5 tsk. gott salt
0,5 tsk. lyftiduft
hálf sítróna
2 egg

*Bræðið kókosolíu í potti og bætið kókosolíu, agave-sírópi og safa úr hálfri sítrónu saman við. Kælið. Þeytið eggin saman við.*

*Þá er mjöl, salt og lyftiduft sett saman við og allt hrært vel saman í 10-15 mínútur.*

*Bakið þykkar pönnukökur upp úr kókosolíu á pönnukökupönnu. Berið fram með bláberjum og rjóma eða sírópi eftir smekk.*



## GLÚTENÓÞOL GEORGS

**Það er** ekki bara blessað mannfólkið sem þarf að kljást við glútenóþol. Ýmsar frægar sögu- og kvikmyndapersónur þurfa að lifa með því og huga um leið að réttu mataræði alla ævi. Ein skrautlegasta sögupersóna íslenskrar sjónvarpsþátta- og kvikmyndasögu er Georg Bjarnfreðarson sem fyrst birtist landsmönnum í Næturvaktinni á Stöð 2 árið 2007 með félögum sínum Ólafi Ragnari og fyrrverandi læknanemanum Daníel.

**Ein kostuleg** sena úr Næturvaktinni lýsir einmitt samskiptum Georgs og lögreglumanns sem lítur við á bensínstöðinni um nótt í leit að léttum næturbita. Georg vill gjarnan hafa hlutina eftir sínu höfði og tók meðal annars upp á því að selja samlokur á bensínstöðinni úr glútenlausu brauði sem hann bakaði ásamt móður sinni, Bjarnfreði.

**Georg, með** allar sínar fimm háskólagráður, þurfti auðvitað að halda stutta ræðu yfir lögreglumanninum og fræddi hann meðal annars um að mannslíkaminn væri alls ekki gerður til að brjóta niður glúten og það sama mætti raunar segja um sykur og kjöt.

# *Glútenfríar brownies með jólaísnum*

225 g smjör
115 g suðusúkkulaði
4 egg
2 bollar sykur
2 teskeiðar vanillusykur
1 bolli Allpurpose glútenfrítt hveiti frá Bob Reds Mill (fæst í Kosti)
1 bolli Daim og Toblerone

*Byrjið á að bræða súkkulaðið yfir vatnsbaði á meðan sykri og smjöri er hrært saman. Hrærist þar til orðið létt og ljóst. Eggjunum er næst bætt út í, einu í einu, og hrært vel. Næst er súkkulaðinu bætt út í ásamt vanillusykrinum og glútenfría hveitinu. Í lokin er Daim- og Toblerone-súkkulaðinu bætt út í.*

*Sett í eldfast mót eða gott kassalaga bökunarmót. Bakið við 170 gráður í u.þ.b. 30 mínútur (styttra ef bakað er á blæstri).*

*Það er fallegt að bræða hvítt súkkulaði og gera óreglulegt skraut ofan á eftir að kakan hefur fengið að kólna.*

*Heimild:* ***glutenfrittlif.blogspot.com***



Glútenfrí kaka


## 5 góðar ástæður til að taka Active Liver

- Eykur virkni lifrarinnar og gallsins
- Eykur fitubrennslu
- Stuðlar að daglegri hreinsun líkamans
- Bætir meltinguna
- inniheldur aðeins náttúruleg jurtaþykkni ss. Mjólkurþistil, Ætiþistil. Túrmerik, Svartan pipar og Kólín.




*„Finn mikinn mun á mér, eftir að ég byrjaði að nota Active Liver. Hef minni löngun í óhallan mat, sætindi, kaffi og áfengi. Ég hef líka lést og er mjög ánægð með árangurinn“.*

-**Kirsten**


CANADA GOOSE ARCTIC PROGRAM
CANADA GOOSE®
LODGE
kr.99.990.-
MONTEBELLO
kr.104.990.-
CITADEL
kr.129.990.-
KENSINGTON
kr.129.990.-
VICTORIA
kr.114.990.-
TRILLIUM
kr.114.990.-
CHATEAU
kr.114.990.-
HYBRIDGE
kr.89.990.-
GRÍPTU GÆSINA
SETTU ALVÖRU GÆÐI Í JÓLAPAKKANN!
SPORTÍS
MÖRKIN 6 | 108 REYKJAVÍK | S:520-1000 | SPORTIS.IS

# KJÚKLINGARÉTTUR OG JÓLABRAUÐ

**HOLLT OG GOTT** *Er ekki upplagt að fá sér eitthvað mjög hollt en bragðgott svona rétt fyrir jólin, hvíla sig á veislumat á aðventunni?*

Ljúffengur kjúklingur með Marokkó-bragði sem einfalt er að útbúa. Þetta er hollur réttur sem hentar allri fjölskyldunni. Með kjúklingnum er borið fram kúskús en því má vel breyta í hrísgrjón eftir smekk. Uppskriftin miðast við sex manns.

**KJÚKLINGUR MEÐ DÖÐLUM, ÓLÍFUM OG KANIL**

12 kjúklingabitar
1/4 tsk. nýmalaður pipar
1/8 tsk. salt
2 msk. smjör
2 msk. ólífuolía
4 bollar niðursneiddur laukur
1 tsk. mjög smátt skorinn, ferskur engifer
1 glas steinlausar ólífur, svartar eða grænar eftir smekk
2 msk. hveiti
¾ tsk. cumin, malað
½ tsk. kóríander, malað
nýmalaður pipar
1 kanelstöng
2 bollar kjúklingasoð
1/2 bolli steinlausar döðlur
3 msk. sítrónusafi
¼ bolli ferskt basil

Kryddið kjúklingabitana með salti og pipar. Bræðið 1 msk. af smjöri á pönnu og setjið 1 msk. af olíu út í. Setjið sex kjúklingabitana á pönnuna og brúnið í fjórar mínútur á hvorri hlið eða þangað til bitarnir brúnast. Takið þá af pönnunni. Setjið þá aftur smjör og olíu og steikið hina sex bitana á sama hátt. Takið af pönnunni.

Bætið lauk og engifer á pönnuna og látið malla í 8 mínútur. Bætið þá ólífum við og síðan hveiti, kryddi og kanilstöng og eldið áfram í 1-2 mínútur. Hrærið allt saman. Þá er soðið sett á pönnuna og suðan látin koma upp. Skrapið botninn svo allt krydd samlagist soðinu. Setjið nú kjúklingabitana í og látið lok á pönnuna. Látið malla í 12 mínútur. Döðlunum er þá bætt við og látið malla áfram í 10 mínútur. Sítrónusafi og basil fer út í að lokum.

Kúskús er gert eftir leiðbeiningum á umbúðum.

**BRAUÐ MEÐ SÆTUM KARTÖFLUM OG TRÖNUBERJUM**

Hér er uppskrift að hollu og góðu brauði sem passar mjög vel á aðventunni. Í brauðinu eru sætar kartöflur og trönuber sem gera það mjög jólalegt.

2½ bolli hveiti
1 bolli púðursykur
1½ tsk. lyftiduft
½ tsk. matarsódi
½ tsk. salt
¼ tsk. malaður engifer
¼ tsk. tsk. múskat
¾ bolli sætkartöflumús án sykurs
¾ bolli egg
1/3 bolli appelsínusafi
¼ bolli brætt smjör
1 bolli þurrkuð trönuber
2 msk. hakkaðar möndlur

| BEGIN AGAIN | KL. 8 - 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| INTERSTELLAR | KL. 9 | |
| INTERSTELLAR VIP | KL. 5 - 8:30 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |
| JOHN WICK | KL. 10:20 | |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 2D | KL. 5 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS | KL. 2D: 5 3D: 8 - 10 | |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 8 - 10 | |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSLTAL | KL. 2D: 6 3D: 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | L |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:10 | |
| THE RAILWAY MAN | KL. 8 | |
| INTERSTELLAR | KL. 8:20 | |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 | L |
| EXODUS: GODS AND KINGS 3D | KL. 10:30 | |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:10 | |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSLTAL 2D | KL. 5:50 | L |
| THE HUNGER GAMES | KL. 8 | |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| BIG HERO 6 ÍSLTAL 3D | KL. 5:40 | L |
| BIG HERO 6 ENSKT TAL 2D | KL. 8 - 10:20 | L |
| BEGIN AGAIN | KL. 10:20 | 7 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 | |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 | L |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG
GILDIR EKKI Á ÍSLENSKAR MYNDIR

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| EXODUS 3D | KL 4.30 – 8 – 10 | 16 |
| EXODUS 2D | KL 10.45 16 | 16 |
| EXODUS 3D LÚXUS | KL 4.30 – 8 – 11 | 16 |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 3D | KL 4.30 | L |
| BIG HERO 6 ÍSL TAL 2D | KL 3.15 – 5.30 | L |
| MOCKINGJAY – PART 1 | KL 8 – 11 | 12 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 3.15 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 5.30 – 8 – 10.30 | 7 |

HÁSKÓLABÍÓ — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ÆVINTÝRI LÍSU Í UNDRALANDI | KL 19.15 | L |
| DUMB AND DUMBER TO | KL 17:30 – 18:30 – 11 | 7 |
| EXODUS 3D | KL 9 | 16 |
| EXODUS 2D | KL 10.30 | 16 |
| MOCKINGJAY | KL 8 – 10.40 | 12 |
| MÖRGÆSIR | KL 5.30 | L |

LAUGARÁS BÍÓ — ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| EXODUS | 7, 10(P) | 16 |
| BIG HERO 6 2D | 4:30 | L |
| BIG HERO 6 3D | 4:30 | L |
| HUNGER GAMES: MOCKINGJAY | 7, 10 | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR 2D | 4:30 | L |
| NIGHTCRAWLER | 10 | 16 |


# Mest heillandi manneskja ársins

Á hverju ári velur sjónvarpsdrottningin Barbara Walters mest heillandi manneskju ársins og að þessu sinni varð Amal Alamuddin fyrir valinu. Walters sagðist ekki hafa valið Alamuddin fyrir velgengni í starfi sínu sem mannréttindalögfræðingur, heldur fyrir það eitt að hafa heillað piparsveininn George Clooney. „Ef við setjum þetta í samhengi þá var þetta virkilega eitt mesta afrek mannkynssögunnar,“ sagði Walters um val sitt. Hvort ástæðurnar fyrir valinu eru rökréttar má sennilega deila um, en Walters sagði að Alamuddin væri nú komin í flokk með Kate Middleton og Jackie O og að allt sem hún segði eða klæddist hér eftir væri heillandi.



# Jólastormur

BAKÞANKAR
Erlu Bjargar Gunnarsdóttur



Jólin koma þrátt fyrir að ryðgað og líklega ónýtt gasgrill sé nú farið að sóma sér vel í einu horninu í stofunni því ég nenni ekki að burðast með það inn og út á svalir eftir duttlungum veðursins. Með þessu áframhaldi verður það skreytt með jólaseríum og gullenglum og ég þarf ekki að höggva jólatré.

**JÓLIN** koma þrátt fyrir að bókaskattur hækki enda fýkur landinn inn í sólarhringsverslanir á nóttinni og kaupir jólabækurnar án þess að hugsa of mikið um að Arnaldur muni kosta sjö þúsund kall næstu jól. Það mun mögulega kalla á fimm þúsund króna jólagjafaviðmiðunarkrísu. Sú krísa gæti komið af stað alls kyns uppþotum, fjölskyldufundum, vinslitum jafnvel. Kannski mun áskrift að RÚV taka við sem jólagjöf landans.

**JÓLIN** koma þrátt fyrir að ég baki ekki sjö smákökusortir enda ekki nokkur leið að komast í búðir um helgar að kaupa hráefni þar sem mér hefur verið sagt helgi eftir helgi að vera ekki að þvælast úti og halda mig heima. Það sama gildir um Kringluna. Og blómabúðir sem selja greni í aðventukransa.

**JÓLIN** koma þrátt fyrir að ég lesi ekki gaumgæfilega tugi tölvupósta sem koma frá öllum skólastigum um metnaðarfulla jóladagskrá og skemmtanir í desember. Ég gef kennurum „high five“ í huganum og skelli minnismiða á ísskápinn til að muna eftir kertum, smákökum og sparifötum þegar það á við svo ekki skapist hörmungarástand tíu mínútur yfir átta á morgnana. Kirkjuferð hefur ekki komist á ísskápinn enda hef ég ekki hugmynd um hvort eða hvenær börnin mín fara í slíka ferð og hef nákvæmlega enga skoðun á málinu. Ég hef heldur enga sérstaka skoðun á jólaföndri þar sem englar og jesúbarn eru klippt út úr kartoni eða á jólasveinum sem mæta á jólaball leikskólans. Ég velti því aftur á móti reglulega fyrir mér yfir vinnudaginn hvort börnin hafi gleymt vettlingum heima og séu með bláa putta í fimbulkulda. Er eiginlega hugsjúk varðandi það mál.

**SVO** fellur bara allt í dúnalogn klukkan sex á aðfangadag.

# Sendir uglurnar vinsælu í frí

Heiðdís Helgadóttir sló í gegn með ugluteikningunum sínum fyrir um tveimur árum, en nú setur hún uglurnar í smá frí og einbeitir sér að öðru. Nýju myndirnar hennar eru byggðar á alls kyns lífverum í sjónum.

„Ég er allavega hætt að teikna uglurnar í bili. Það voru bara örfáar til á lager, þannig að ég notaði tækifærið og leyfði þeim bara að klárast,“ segir Heiðdís Helgadóttir, sem sló svo rækilega í gegn með ugluteikningunum sínum fyrir um tveimur árum.

„Það var eiginlega algjör tilviljun að ég byrjaði að teikna þær. Mig vantaði sængurgjöf fyrir vinkonu mína og ákvað að teikna svona uglu fyrir hana. Þetta vatt svo bara rækilega upp á sig og allt í einu var ég farin að fá fyrirspurnir frá verslunum,“ segir Heiðdís, en í kjölfarið varð eftirspurnin mikil og hún hafði vart undan að teikna. „Ég verð alltaf þakklát fyrir þessar viðtökur. Mig óraði ekki fyrir að þetta myndi koma mér svona langt,“ segir hún.

Uglurnar urðu það vinsælar hér heima að margir reyndu að feta í fótspor Heiðdísar og teiknuðu uglur í svipuðum stíl. Aðspurð hvort það hafi haft áhrif á ákvörðun hennar segir hún svo ekki vera. „Ég tek þessu frekar bara sem hrósi að fólk hafi viljað gera eins og ég. En þetta hafði ekki áhrif á ákvörðun mína,“ segir Heiðdís, sem útilokar ekki að endurvekja uglurnar síðar.

„Ég hef fengið fyrirspurnir um þær að utan og það væri gaman að senda lager þangað. Að mínu mati eru þær búnar að blómstra hérna heima,“ segir hún. Þótt hún ætli að hvíla uglurnar um sinn er hún hvergi nærri hætt að teikna. „Uglurnar voru mjög ólíkar því sem ég var vön að gera. Núna er ég að teikna meira abstrakt, meira lifandi, en allar myndir geri ég í höndunum og skanna svo inn,“ segir Heiðdís.

Nýju myndirnar eru fjórar mismunandi teikningar byggðar á botnsjávarlífverum og ósymmetrískum lífverum í sjónum, en slík form fór hún að teikna fyrir löngu þegar hún var í arkitektanámi. „Ég var alltaf að reyna að koma þessum formum í byggingarnar, en það var ekki beint að ganga,“ segir hún og hlær.

adda@frettabladid.is



**HÆFILEIKARÍK** Heiðdís við nokkrar teikninga sinna. Hún sló í gegn með uglunum sínum fyrir tveimur árum.

**„Ég hef fengið fyrirspurnir um þær að utan og það væri gaman að senda lager þangað. Að mínu mati eru þær búnar að blómstra hérna heima.**




# Hættir á Instagram

Miller hætti á samskiptamiðlinum eftir fimm daga.

Bandaríska leikkonan Sienna Miller hætti á samskiptamiðlinum Instagram eftir að hafa verið notandi í aðeins fimm daga.

Leikkonan sagði að í upphafi hefði hún haft gaman af Instagram og þeim viðbrögðum sem hún fékk frá aðdáendum sínum, en hún hefði hætt eftir fimm daga vegna ótta við að finna fyrir tómleikatilfinningu.

Miller sagði forritið gríðarlega ávanabindandi, hún hefði vaknað á morgnana með þúsundir tilkynninga um nýja fylgjendur eða athugasemdir við þær myndir sem hún hafði birt.

Þrátt fyrir að það hefði verið góð tilfinning væri hún viss um að á endanum skildi það lítið eftir sig annað en einmanaleika. Hún ætti vini sem væru virkir á samfélagsmiðlum og sagði að í kjölfar mikillar opinberunar á þeim miðlum uppskæru þeir oft á tíðum kvíða.



**MILLER** Leikkonan þoldi ekki lengi við á Instagram. NORDICPHOTOS/GETTY



BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ 1000 KALL MIÐINN!

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mommy | 17.30, 20.00 | Of Horses & men, EN Sub, | 20.00 |
| Turist | 17.45 | White God | 22.15 |
| Salóme | 18.00 | Clouds of Sils Maria | 22.00 |
| Whiplash | 20.00, 22.30 | Bókaupplestur | 20.00 |




Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



# HÁGÆÐA LG SJÓNVÖRP Á DUTY FREE TILBOÐI*




**LG 42/47LB561V**
Full HD sjónvarp með Full HD 1920x1080p upplausn og Triple XD Engine. Picture Wizard II Stafrænn DVB-T2/C móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2x10w Sourround með Clear Voice. USB, 2x HDMI, Scart, Component, composite, optical út o.fl.




**LG 47/55LB671V**
Full HD 3D Smart LED sjónvarp 1920x1080p upplausn og Triple XD Engine. 700 Hz TruMotion. Picture Wizard II. Stafrænn DVB-S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. Dual Core. Þráðlaust net Wifi. Opin WEBOS netvafri. 3x USB, 3x HDMI, Scart, Component, composite, optical út o.fl. 2 stk 3D Gleraugu fylgja.




**LG 49/55UB820**
Smart LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160 upplausn. 100Hz MCI. TRU-ULTRA HD ENGINE - 4K uppskölun. Triple XD Engine. Picture Wizard III. TBD birtuskynjari. Dual Core örgjörvi. Nettenging með opnum WEBOS netvafra. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2, S/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 4x HDMI. 3x USB tengi o.fl.




**LG 55LB870V**
55" Full HD 3D Smart LED sjónvarp 1920x1080p upplausn og Triple XD Engine. 1000 Hz MCI. Picture Wizard II. Stafrænn DVB-T2/C móttakari. DVB-S2 gerfihnattamóttakari. HDD upptaka. Þráðlaust net Wifi. Opin WEBOS vafri. Skype myndavél. 3x USB, 3x HDMI o.fl. 2 stk 3D gleraugu fylgja.




**LG 40UB800V**
40" LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840x2160 upplausn. 100Hz MCI. TRU-ULTRA HD ENGINE - 4K uppskölun. Triple XD Engine. Picture Wizard III. TBD birtuskynjari. Dual Core örgjörvi. Nettenging með opnum WEBOS netvafra. Stafrænn DVB-C, DVB-T, DVB-T2, S/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 4x HDMI. 3x USB tengi o.fl.

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

*Jafngildir 20% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25% vörugjöld af þessum tækjum. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Sjónvarpsmiðstöðvarinnar. Í einhverjum tilfellum er verðlækkun enn meiri.




## Man. City mætir Barca

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í 16-liða úrslitin í Meistaradeildinni og 32-liða úrslitin í Evrópudeildinni.

Ensku liðin Man. City og Chelsea fengu erfið verkefni í Meistaradeildinni gegn Barcelona og PSG. Fyrri leikirnir fara fram 17. og 18. febrúar og seinni leikirnir viku síðar.

Kolbeinn Sigþórsson og félagar í Ajax mæta svo Legia Varsjá í Evrópudeildinni. Leikirnir fara fram 19. og 26. febrúar.

### MEISTARADEILDIN
16-LIÐA ÚRSLIT

PSG - CHELSEA
MAN. CITY - BARCELONA
BAYER LEVERKUSEN - ATLÉTICO M.
JUVENTUS - DORTMUND
SCHALKE - REAL MADRID
SHAKTAR - BAYERN MÜNCHEN
ARSENAL - MONACO
BASEL - PORTO

### EVRÓPUDEILDIN
32-LIÐA ÚRSLIT

ANDERLECHT - DINAMO MOSKVA
ÁLABORG - CLUB BRUGGE
EVERTON - YOUNG BOYS
WOLFSBURG - SPORTING LISSABON
TORINO - ATHLETIC BILBAO
SEVILLA - GLADBACH
AJAX - LEGIA VARSJÁ
DNIPRO - OLYMPIAKOS
TRABZONSPOR - NAPOLI
GUINGAMP - DYNAMO KIEV
VILLARREAL - SALZBURG
ROMA - FEYENOORD
PSV EINDHOVEN - ZENIT
LIVERPOOL - BESIKTAS
TOTTENHAM - FIORENTINA
CELTIC - INTER



**Á UPPLEIÐ** Eftir góð ár í Frakklandi er Gunnar Steinn farinn að fóta sig í deild þeirra bestu. Hann segist vera á réttri leið og sér ekki eftir því að hafa söðlað um. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Þýsku strákarnir eru miklu sterkari

Gunnar Steinn Jónsson segir að það sé mikill munur á líkamlegum styrk hjá ungum þýskum leikmönnum og íslenskum. Hann segist vera að lifa drauminn að spila í þýsku úrvalsdeildinni þar sem boltinn henti sér. Á ekki von á HM-sæti.

**HANDBOLTI** „Það hefur komið öllum á óvart hvað okkur hefur gengið vel. Ég heyrði það bara eftir á að menn héldu að við yrðum við botninn í vetur,“ segir Gunnar Steinn Jónsson, leikmaður þýska úrvalsdeildarliðsins Gummersbach. Eftir góð ár í Frakklandi hjá Nantes söðlaði Gunnar um síðasta sumar og gekk í raðir þýska félagsins, sem er ekki ókunnugt því að hafa Íslendinga innan sinna vébanda.

Gummersbach er ekki að skrapa botninn heldur er liðið í 7. sæti en pakkinn í kringum liðið er reyndar þéttur og þarf ekki mikið til til þess að lenda ofar eða neðar.

„Við erum með næstyngsta liðið í deildinni. Við erum með marga, nýja unga stráka sem eru hörkugóðir. Þeir hafa komið mörgum á óvart. Við komum fimm nýir inn í liðið en það er nánast sama byrjunarliðið og í fyrra. Þó svo ég sé aðeins 27 ára gamall þá er ég með eldri mönnum í liðinu.“

### Ótrúlega sterkir strákar

Það er nokkuð um rétt rúmlega tvítuga stráka í liði Gummersbach og Gunnar Steinn segir að það sé mikill munur á þýsku strákunum og þeim íslensku á þessum aldri.

„Þýsku strákarnir eru helmingi sterkari. Þeir eru svakalega öflugir. Við erum með strák fæddan 1994 sem spilar fyrir miðri vörn hjá okkur og er hrikalega sterkur. Hann lyftir helmingi þyngri lóðum en ég á lyftingaæfingum. Að sama skapi eru þessir strákar kannski ekki jafn tekniskir og strákarnir í Skandinavíu.“

Þýska deildin er sú sterkasta í heimi og Gunnar Steinn er smám saman að aðlagast því.

„Ég hef lent í því að spila gegn liðum þar sem ég þekki ekki eitt einasta nafn en leikmennirnir eru samt mjög öflugir. Flestir leikir eru hörkuleikir og ekki hægt að slá neitt af. Bara aldrei. Leikurinn hér er mun taktískari en í Frakklandi þar sem spilið er frjálsara. Það hentar mér betur að spila taktískari bolta. Svo er miklu meira æft hér í Þýskalandi en í Frakklandi. Til að mynda útihlaup og annað sem tíðkast ekki í Frakklandi. Þar af leiðandi hef ég aldrei verið í betra formi en núna.“

### Leggur mikið upp

Gunnar Steinn hefur ekki skorað mikið fyrir Gummersbach. Hans hlutverk í liðinu er líka frekar að koma skyttum þess í færi.

„Ég fæ að spila í hverjum leik. Mjög oft spila ég hálfan leik á móti þeim manni sem spilar á móti mér. Svo fæ ég vonandi að spila meira eftir því sem líður á tímabilið. Enginn spilar í 60 mínútur hjá okkur,“ segir Gunnar Steinn, en þótt hann skori ekki mikið er hann í topp 40 yfir þá leikmenn deildarinnar sem gefa flestar stoðsendingar.

„Það er örugglega ágætt hjá mér miðað við mínútur. Við erum með góðar skyttur og ég á að leggja upp fyrir þá. Ég mætti samt alveg taka meira af skarið sjálfur. Ég held að það muni koma hjá mér.“

Miðjumaðurinn er á því að það hafi gert sér gott að skipta um umhverfi og fara í sterkari deild. Það sé að gera hann að sterkari leikmanni.

„Það er líka jákvætt að ég spila alltaf í vörninni hérna líka og er að bæta mig þar. Ég held að núna séu kannski liðnir þeir mánuðir sem þurfti til að aðlagast öllu. Eins og áður segir hef ég aldrei verið í betra formi og því bjartsýnn á að sjá framfarir á seinni hluta tímabilsins. Ég fæ traust frá þjálfaranum og í raun er allt til staðar svo ég geti náð frekari framförum. Ég hef líka þroskast mikið sem handboltamaður.“

> **Ég er frekar svartsýnn á að komast í HM-hópinn. Það yrði auðvitað svekkjandi að komast ekki í hópinn.**
>
> *Gunnar Steinn Jónsson*

### Nýtti tækifærið vel

Það kom mörgum þægilega á óvart hversu sterkur Gunnar kom inn í landsliðið á síðasta EM þar sem Ísland varð í fimmta sæti þrátt fyrir mikil meiðslavandræði.

„Ég laumaði mér bakdyrameg-in inn í liðið á mótinu og um leið var draumur að rætast hjá mér að spila á stórmóti. Ég var ákveðinn í að nýta það tækifæri og það gekk nokkuð vel,“ segir Gunnar Steinn, en hann fékk ekki mörg tækifæri það sem eftir lifði ársins.

„Ég hef ekki spilað margar mínútur síðan. Það er alltaf erfitt að koma inn í fimm mínútur í senn. Maður breytir ekki miklu þá. Það var talsvert um mikilvæga leiki þar sem spilað var á átta til níu reynslumeiri mönnum.“

### Svartsýnn á að komast til Katar

Gunnar Steinn er í 28 manna hópnum sem Aron Kristjánsson getur valið úr fyrir HM-hópinn sinn, en Gunnar á ekkert endilega von á því að komast í æfingahópinn.

„Ég hef ekkert heyrt frá Aroni enn þannig að ég er frekar svartsýnn. Það yrði auðvitað svekkjandi að komast ekki í hópinn enda hef ég metnað til þess að vera í honum. Ég verð þá bara að taka því eins og maður og verð tilbúinn að hoppa inn ef þess þarf og er óskað. Ég þekki bakdyrnar vel,“ sagði Gunnar léttur. „Ef ég held áfram að bæta mig hér þá veit ég að ég á möguleika. Ég sé ekkert eftir því að hafa valið að fara til Þýskalands. Það var draumur að spila í deild þeirra bestu og ég er að lifa þann draum.“

henry@frettabladid.is

### 28-MANNA HÓPUR

**MARKVERÐIR:**
Björgvin Páll Gústavsson (Bergischer), Aron Rafn Eðvarðsson (Guif), Daníel Andrésson (SönderjyskE), Sveinbjörn Pétursson (Aue).

**AÐRIR LEIKMENN:**
Aron Pálmarsson (Kiel), Arnór Atlason (St. Raphael), Arnór Þór Gunnarsson (Bergischer), Alexander Petersson (Löwen), Atli Ævar Ingólfsson (Guif), Ásgeir Örn Hallgrímsson (Nimes), Bjarki Már Elísson (Eisenach), Bjarki Már Gunnarsson (Aue), Björgvin Þór Hólmgeirsson (ÍR), Guðjón Valur Sigurðsson (Barcelona), Guðmundur Árni Ólafsson (Mors-Thy), Gunnar Steinn Jónsson (Gummersbach), Kári Kristján Kristjánsson (Valur), Ólafur Guðmundsson (Hannover-Burgdorf), Róbert Aron Hostert (Mors-Thy), Róbert Gunnarsson (PSG), Rúnar Kárason (Hannover), Snorri Steinn Guðjónsson (Sélestat), Sverre Jakobsson (Akureyri), Sigurbergur Sveinsson (Erlangen), Stefán Rafn Sigurmannsson (Löwen), Tandri Már Konráðsson (Ricoh), Vignir Svavarsson (Midtjylland), Þórir Ólafsson (Stjarnan).



# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20.25
**Á fullu gazi**

Þriðja röðin af þessum frábæru þáttum þar sem fjallað er um glæsilega bíla og önnur flott farartæki. Hér er hraðinn og spennan í fyrirrúmi og áhersla lögð á ný og glæsileg tryllitæki. Umsjónarmenn eru Sigríður Elva Vilhjálmsdóttir og Finnur Thorlacius.





### Modern Family
**STÖÐ 2 KL. 20.50** Sjötta þáttaröðin um líf þriggja tengdra en ólíkra nútímafjölskyldna. Í hverjum þætti lenda fjölskyldurnar í ótrúlega fyndnum aðstæðum sem við öll könnumst við að einhverju leyti.



### 2 Broke Girls
**STÖÐ 2 KL. 20.00** Bráðskemmtileg gamanþáttaröð um stöllurnar Max og Caroline sem eru staðráðnar í að láta drauma sína rætast.



### Gordon's Home Cooking Seasonal Selection
**SKJÁR 1 KL. 17.00** Meistarakokkurinn Gordon Ramsay töfrar fram gómsæta og girnilega jólarétti af sinni alkunnu snilld.

### X 977 kl. 07.00
**Morgunþátturinn Ómar**

Það er enginn betri í að koma þér á fætur en Ómar. Góð tónlist og ekkert kjaftæði.








## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** Gossip Girl
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The Middle
**10.40** Go On
**11.00** Flipping Out
**11.50** Covert Affairs
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**13.45** American Idol
**15.15** The Mentalist
**16.00** Sjáðu
**16.30** New Girl
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Simpson-fjölskyldan
**18.10** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag.
**19.16** Veður
**19.25** Um land allt Virkjun jarðhitans á Suðurnesjum.
**20.00** 2 Broke Girls
**20.25** Á fullu gazi
**20.50** Modern Family
**21.15** The Big Bang Theory
**21.40** Stalker
**22.30** The Strain
**23.15** Daily Show. Global Edition
**23.45** Forever
**00.30** Bones
**01.20** Getting on
**01.50** The Call
**03.25** Romantics Anonymous
**04.40** Modern Family
**05.00** The Big Bang Theory
**05.25** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Stjarnan - Njarðvík
**13.00** Chicago - Cleveland
**14.50** Juventus - Atletico Madrid
**16.30** Meistaradeild Evrópu
**17.00** Getafe - Barcelona
**18.40** Spænsku mörkin
**19.10** Þýsku mörkin
**19.40** Derby - Chelsea BEINT
**21.45** Stjarnan - Njarðvík
**23.15** Þýsku mörkin
**23.45** Derby - Chelsea

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** Everton - QPR
**08.40** Messan
**11.35** Premier League World
**12.05** Leicester - Man. City
**13.45** Chelsea - Hull
**15.25** Messan
**16.40** Burnley - Southampton
**18.20** Everton - QPR
**20.00** Premier League Review
**20.55** Messan
**22.10** Arsenal - Newcastle
**23.50** Middlesborough - Derby
**01.30** Football League Show

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir

## STÖÐ 3

**17.45** Save With Jamie
**18.35** Baby Daddy
**19.00** Wipeout
**19.45** Welcome To the Family
**20.10** One Born Every Minutes UK
**21.00** Pretty little liars
**21.45** Treme
**22.45** Southland
**23.30** The Gates
**00.15** Flash
**00.55** Arrow
**01.40** Wipeout
**02.25** Welcome To the Family
**02.50** One Born Every Minutes UK
**03.35** Pretty little liars
**04.20** Treme
**05.15** Southland
**06.00** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Elías **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.22** Kalli á þakinu **09.47** Töfrahetjurnar **10.00** Ljóti andarunginn og ég **10.25** Latibær **10.47** Tommi og Jenni **10.54** Tom and Jerry (chuck jones) **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Elías **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.22** Kalli á þakinu **13.47** Töfrahetjurnar **14.00** Ljóti andarunginn og ég **14.25** Latibær **14.47** Tommi og Jenni **14.53** Tom and Jerry (chuck jones) **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Elías **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.22** Kalli á þakinu **17.47** Töfrahetjurnar **18.00** Ljóti andarunginn og ég **18.25** Latibær **18.47** Tommi og Jenni **18.53** Tom and Jerry (chuck jones) **19.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **19.10** Lukku Láki **20.35** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.25** Strákarnir
**17.55** Friends
**18.20** 2 Broke Girls
**18.45** Modern Family
**19.10** Two and a Half Men
**19.35** Veggfóður
**20.20** Tossarnir
**21.00** The Americans
**21.50** Grimm
**22.35** The Blacklist
**23.15** Chuck.
**00.00** Cold Case
**00.40** Veggfóður
**01.25** Tossarnir
**02.10** The Americans
**02.55** Grimm
**03.35** The Blacklist
**04.20** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.15** So Undercover
**12.50** One Fine Day
**14.40** Life
**16.30** So Undercover
**18.10** One Fine Day
**20.05** Life
**22.00** The Lucky One
**23.40** Room in Rome
**01.25** Undefeated
**03.20** The Lucky One

## RÚV

**16.30** Ástareldur
**17.20** Millý spyr
**17.27** Vísindahorn Ævars
**17.30** Jesús og Jósefína Danskt jóladagatal.
**17.50** Turnverðirnir
**18.05** Jólasveinarnir Íslenskt jóladagatal. Jólasveinarnir eru orðnir leiðir á að hanga heima í hellinum hjá Grýlu og Leppalúða og ákveða að finna sér eitthvað skemmtilegt að gera fram að jólum.
**18.13** Vísindahorn Ævars
**18.20** Táknmálsfréttir
**18.35** Melissa og Joey
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.00** Djöflaeyjan
**20.30** Castle
**21.15** Laus við sorp
**21.45** Jólin hjá Claus Dalby
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Hamingjudalur
**23.15** Víkingarnir
**00.00** Kastljós
**00.25** Fréttir
**00.40** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**15.25** Survivor
**16.10** Christmas Feast with Heston Blumenthal Jólaandinn svífur yfir vötnum í þessum girnilega þætti þar sem stjörnukokkurinn Heston Blumenthal ber fram rétti sem fá garnirnar til að gaula.
**17.00** Gordon's Home Cooking Seasonal Selection
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Trophy Wife
**20.10** Jane the Virgin
**21.00** The Good Wife
**21.45** Elementary Sherlock Holmes og Dr. Watson leysa flókin sakamál í New York borg nútímans.
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Madam Secretary
**00.00** Unforgettable
**00.45** The Good Wife
**01.30** Elementary
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014
**12.00** Golfing World 2014
**12.50** PGA Tour 2014
**16.50** Golfing World 2014
**17.40** 2014 PGA Tour Year in Review
**18.35** Golfing World 2014
**19.25** PGA Tour 2014 - Highlights
**20.20** 2014 European Tour Review of the Year
**21.10** Golfing World 2014
**22.00** 2014 European Tour Review of the Year
**22.50** PGA Tour 2014 - Highlight

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 |
| **FM 89,5** Retro | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |

# Yuasa rafgeymar

## Stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum




## Við bjóðum fría prófun á rafgeymum

| | | |
|---|---|---|
| **Nesdekk-Grandi**<br>Fiskislóð 30 · 101 Reykjavík<br>Sími 561 4110 | **Smurstöðin Garðabæ**<br>Litlatorgi 1 · 210 Garðabæ<br>Sími 565 6200 | **Vélaverkstæði Hjartar Eiríkssonar**<br>Búlandi 1 · 530 Hvammstangi<br>Sími 451 2514 |
| **Múlaradio ehf.**<br>Fellsmúla 28 · 108 Reykjavík<br>Sími 554 1540 | **Pústþjónusta BJB**<br>Flatahraun 7 · 220 Hafnarfjörður<br>Sími 565 1090 | **Bifreiðaverkstæði Blönduós**<br>Efstubraut 2 · 540 Blönduós<br>Sími 452 2600 |
| **Smurstöðin Klöpp**<br>Vegmúli 4 · 108 Reykjavík<br>Sími 553 0440 | **Smur 54**<br>Bæjarhrauni 6 · 220 Hafnarfjörður<br>Sími 555 0330 | **Bílaverkstæði Óla**<br>Norðurlandsvegi 4 · 540 Blönduós<br>Sími 848 0030 |
| **Bifreiðaverkstæði Svans ehf.**<br>Eirhöfða 11 · 110 Reykjavík<br>Sími 616 2333 | **Laghentir ehf.**<br>Bolafótur 1 · 230 Keflavík<br>Sími 456 7600 | **N1 Píparinn**<br>Efstubraut 2 · 540 Blönduós<br>Sími 868 6066 |
| **Bílson**<br>Klettháls 9 · 110 Reykjavík<br>Sími 568 1090 | **Skipting**<br>Grófinni 19 · 230 Keflavík<br>Sími 421 3773 | **Ásgeir Arnljótsson**<br>Hóli · 560 Varmahlíð<br>Sími 453 8370 |
| **Málningarverk**<br>Hyrjarhöfða 2 · 110 Reykjavík<br>Sími 554 4550 | **Vélsmiðja Grindavíkur**<br>Seljabót 3 · 240 Grindavík<br>Sími 426 8540 | **Pardus**<br>Suðurbraut · 565 Hofsós<br>Sími 453 7380 |
| **Smur og Viðgerðarþjónustan**<br>Hyrjarhöfða 8 · 110 Reykjavík<br>Sími 567 9555 | **Bílaverkstæði Þóris**<br>Hafnarbraut 12 · 260 Njarðvík<br>Sími 421 4620 | **Bás**<br>Ránargata 14 · 580 Siglufjörður<br>Sími 467 1860 |
| **Bifreiðaverkstæði Grafarvogs**<br>Gylfaflöt 24-30 · 112 Reykjavík<br>Sími 577 4477 | **Bílaverkstæði Orra**<br>Háholt 23 · 270 Mosfellsbær<br>Sími 650 9700 | **Bílatorgið Akureyri**<br>Dalsbraut 1 · 600 Akureyri<br>Sími 464 2121 |
| **Bílaverkstæði Einars Þórs**<br>Bæjarflöt 8 · 112 Reykjavík<br>Sími 567 0080 | **Réttingaverkstæði Jóns B. ehf.**<br>Flugumýri 2 · 270 Mosfellsbær<br>Sími 566 7660 | **Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins**<br>Fjölnisgötu 2a · 603 Akureyri<br>Sími 462 2499 |
| **Hjólbarðaverktæði Grafarvogs ehf.**<br>Gylfaflöt 3 · 112 Reykjavík<br>Sími 567 4468 | **Bílaverkstæði Hjalta**<br>Ægisbraut 28 · 300 Akranesi<br>Sími 431 1376 | **Kraftbílar**<br>Draupnisgata 6 · 603 Akureyri<br>Sími 464 0000 |
| **Bifreiðaverkstæði Toppur**<br>Skemmuvegur 34 · 200 Kópavogur<br>Sími 557 9711 | **Bílver**<br>Innnesvegi 1 · 300 Akranesi<br>Sími 431 1985 | **Múlatindur**<br>Múlavegur 13 · 625 Ólafsfjörður<br>Sími 466 2194 |
| **Bílaverkstæði Kjartan og Þorgeirs**<br>Smiðjuvegur 48 · 200 Kópavogur<br>Sími 567 0060 | **Bifreiðaþjónusta Harðar**<br>Borgarbraut 55 · 310 Borgarnes<br>Sími 437 1192 | **Bílaleiga Húsavíkur**<br>Garðarsbraut 66 · 640 Húsavík<br>Sími 464 1888 |
| **Bílaverkstæði Stimpill ehf.**<br>Akralind 9 · 200 Kópavogur<br>Sími 564 1095 | **Bílabær**<br>Brákarbraut 5 · 310 Borgarnes<br>Sími 437 1300 | **Bílaþjónustan**<br>Garðarsbraut 52 · 640 Húsavík<br>Sími 464 1122 |
| **Bílvík ehf.**<br>Smiðjuvegur 4e · 200 Kópavogur<br>Sími 661 7062 | **Kristinn Reynisson**<br>Nýjibær Bæjarsveit · 311 Borgarnesi<br>Sími 435 1232 | **Bifreiðaverkstæði Klettur**<br>Hrísmýri 3 · 800 Selfoss<br>Sími 482 2050 |
| **Knastás**<br>Skemmuvegur 4 · 200 Kópavogur<br>Sími 557 7840 | **Vélabær**<br>Bæ · 311 Andarkílshreppur<br>Sími 435 1252 | **Bílaþjónusta Péturs**<br>Vallholti 17 · 800 Selfoss<br>Sími 482 2050 |
| **Samlind-Bílstál**<br>Askalind 3 · 200 Kópavogur<br>Sími 564 4632 | **KVH**<br>Strandgata 1 · 530 Hvammstangi<br>Sími 455 2300 | **Bíltak**<br>Hrísmýri 2a · 800 Selfoss<br>Sími 482 3066 |
| **Bílaverkstæði Jóa**<br>Dalvegi 16a · 201 Kópavogur<br>Sími 564 5520 | | |

YUASA

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is

**JÓLAMYNDIN**



**„The Nightmare Before Christmas, ætli hún hafi ekki ratað oftast í tækið.“**
Davíð Örn Halldórsson, myndlistarmaður

# Kaupmennskan kvödd á nýju ári

Hlöðver Sigurðsson og Guðrún Sigurðardóttir loka Art Form eftir sautján ár.

„Við erum búin að vera hérna síðan 1997, það er bara kominn tími á okkur að hætta,“ segir Hlöðver Sigurðsson sem ásamt eiginkonu sinni, Guðrúnu Sigurðardóttur, hefur rekið gjafavöruverslunina Art Form á Skólavörðustíg. Verslunina hafa þau hjónin rekið síðastliðin sautján ár en til stendur að loka henni í lok janúar.

Hlöðver segir þau hjónin hafa haft gaman af rekstrinum og það verði undarlegt að kveðja Skólavörðustíg og kaupmennskuna eftir öll þessi ár.

„Ég verð sjötugur í byrjun næsta árs en konan er nokkrum árum yngri. Nú förum við bara í rosalega langt sumarfrí,“ segir Hlöðver glaður í bragði og hlær.

Hann segir þau hjónin stefna á að halda áfram að hafa gaman af lífinu og ekki kvíða því að lítið verði um að vera. „Við ætlum bara að hafa gaman af barnabörnunum og öllu sem fylgir því að komast á þennan aldur og hafa ánægju af lífinu.“

Vikurnar fyrir jól eru mesti álagstíminn í verslunarrekstri og ávallt mikið um að vera en Hlöðver segir að þrátt fyrir það sé jólatíminn alltaf skemmtilegur. „Það er alltaf gaman að spjalla við fólkið sem hefur komið ár eftir ár. Við viljum þakka þessu ágæta fólki sem mundi alltaf eftir okkur. Það er það besta í viðskiptum.“ - gló

➜ Art Form á Skólavörðustíg verður lokað eftir áramót en til stendur að halda útsölu fyrstu þrjár vikurnar í janúar.



**GUÐRÚN OG HLÖÐVER** Hjónin hafa rekið Art Form í sautján ár en ætla að loka versluninni í lok janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




# Tryggir sér réttinn á þremur bókum Jóns

Sigurjón Sighvatsson hefur tryggt sér réttinn á spennusögum Jóns Óttars Ólafssonar. Hann hefur líka fjármagnað framleiðslu á þáttaröð eftir bókum Yrsu.

Framleiðandinn Sigurjón Sighvatsson hefur tryggt sér réttinn á þremur spennusögum Jóns Óttars Ólafssonar, þar af einni sem enn er óskrifuð.

Þá hefur hann fjármagnað framleiðslu á alþjóðlegri sjónvarpsþáttaröð eftir glæpasögum Yrsu Sigurðardóttur um Þóru Guðmundsdóttur lögmann og vonast til að hefja tökur haustið 2015.

Sigurjón hefur um áratugaskeið starfað í Hollywood og unnið með mörgum af fremstu leikurum og leikstjórum samtímans. Jón Óttar Ólafsson skaust fram á ritvöllinn í fyrra með bók sinni Hlustað, sem hefur þegar verið gefin út í Noregi og Frakklandi. Ókyrrð er nýkomin út og þriðja sagan í seríunni er væntanleg að ári.

„Stíll Jóns Óttars er ferskur, frásögnin er hraðari en við eigum almennt að venjast í norrænum glæpa- og spennusögum og því henta bækur hans mjög vel til kvikmyndunar. Ég er ekki hissa á því að honum hafi verið líkt við höfunda á borð við Lee Child og Michael Connelly,“ segir Sigurjón og bætir við að hugsanlegt sé að gerð verði kvikmynd eftir fyrstu bók Jóns Óttars en þær seinni útfærðar fyrir sjónvarp.

Sigurjón hefur einnig tryggt fjármagn til framleiðslu á alþjóðlegri sjónvarpsþáttaröð eftir glæpasögum Yrsu Sigurðardóttur með þátttöku CBC í Kanada og Telemunchen í Þýskalandi og viðræður standa einnig yfir við Breska ríkisútvarpið, BBC, í Skotlandi. Á síðasta ári var tilkynnt um að gerð þáttaraðarinnar væri fyrirhuguð.

Sveinbjörn I. Baldvinsson hefur unnið svokallaða handritsbiblíu fyrir hana og samið ágrip af fyrstu sex þáttunum. Fleiri handritshöfundar munu síðar koma að verkinu, meðal annars frá Kanada. Engir leikarar hafa verið ráðnir en búast má við að það skýrist á næstu vikum.

Nýjasta kvikmynd Sigurjóns er Z for Zacariah, með Chris Pine í aðalhlutverki, sem tekur þátt í aðalkeppninni á Sundance-kvikmyndahátíðinni nú í janúar. Meðframleiðandi að þeirri mynd, rétt eins og að sjónvarpsþáttaröðinni eftir bókum Yrsu, er íslenska kvikmyndafyrirtækið Zik Zak.

freyr@frettabladid.is

> **Ég er ekki hissa á því að honum hafi verið líkt við höfunda á borð við Lee Child og Michael Connelly.**
> *Sigurjón Sighvatsson*



**SIGURJÓN SIGHVATSSON** Framleiðandinn hefur í mörg horn að líta um þessar mundir.



**JÓN ÓTTAR ÓLAFSSON** Afbrotafræðingurinn og glæpasagnahöfundurinn er í miklum metum hjá Sigurjóni Sighvatssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR** Sigurjón hefur tryggt fjármagn fyrir framleiðslu mynda eftir bókum Yrsu.

# Ritlistarnemar gefa út jólabók

Jólabókin kemur út í þriðja sinn. Hver saga er 98 orð, einu orði styttri en í fyrra.

„Þetta er í þriðja skipti sem hún kemur út og er gleðilegur jólagjörningur ritlistarnema á meistarastigi við Háskóla Íslands,“ segir Sunna Dís Másdóttir. Hún er ritstjóri Jólabókarinnar 2014 sem Blekfjelagið, nemendafélag meistaranema í ritlist, gefur út.

Sögurnar í Jólabókinni eru 31 talsins, ein fyrir hvern dag í desember, og er hver saga 98 orð. „Fyrsta árið var hver saga hundrað orð, alveg bara akkúrat. Í fyrra voru þær 99 orð og í ár 98 orð,“ segir hún glöð í bragði.

„Við vonum náttúrulega að þetta haldi áfram að eilífu og hlökkum mikið til þess að lesa bókina eftir fimmtíu ár. Eftir nítíu ár verður hún orðin mjög mínimalísk.“ Þemað í ár er jólaminning en Sunna segir túlkunina persónulega og allan gang á því hversu sannsögulegar sögurnar eru.

Höfundarnir, sem eru jafn margir og sögurnar, fengu sex daga til þess að skila sögu inn í prófatíð en Sunna segir það ekki hafa komið að sök. „Kosturinn við prófatíð er að allir eru illa haldnir af frestunaráráttu,“ segir hún hlæjandi og bætir við: „Þetta kom bara í staðinn fyrir að skipuleggja sokkaskúffuna.“

Útgáfuhóf Jólabókarinnar 2014 verður í dag og hefst klukkan sex í Mengi en Jólabókin 2014 kemur út í takmörkuðu upplagi.

> **Við vonum náttúrulega að þetta haldi áfram að eilífu og hlökkum mikið til þess að lesa bókina eftir fimmtíu ár.**



**RITSTJÓRI** Þema Jólabókarinnar 2014 er jólaminningar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



RIGG
VIÐBURÐIR
Gjafakort
– Gefðu upplifun í jólagjöf
VILHJÁLMUR VILHJÁLMSSON 70 ÁRA
11. apríl: Harpa
18. apríl: Hof
Miðasala hafin!
BAT OUT OF HELL MEATLOAF
7. febrúar: Harpa
21. febrúar: Hof
Miðasala hafin!
TÖFRAR TOM JONES
Sýnt í Austurbæ og Hofi
í febrúar–mars
Miðasala hefst 18. desember kl. 13:00
– Hlökkum til að skemmta þér á nýju ári!
Gjafakort á tónleikasýningar Rigg viðburða er ógleymanleg jólagjöf
HARPA
midi.is
HOF
Kynntu þér gjafakortin nánar hér:
Harpa: www.harpa.is/gjafakort og í síma 528-5050
Midi.is: www.midi.is/gjafakort og í síma 540-9800
Menningarhúsið Hof: www.menningarhus.is og í síma 450-1000
Nánari upplýsingar um allar sýningarnar er að finna á www.midi.is
www.rigg.is
www.facebook.com/riggvidburdir

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póst dreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fimm tonn af gúmmíi

Leikmyndahönnuðurinn **Ilmur Stefánsdóttir** hefur hugsanlega toppað sig í einkennilegri leikmyndagerð. Í leikmynd hennar fyrir Dúkkuheimilið í Borgarleikhúsinu eru notuð fimm tonn af gúmmíkurli sem er dreift á 25 metra djúpt sviðið. Leikararnir vaða því gúmmí langt upp á kálfa meðan þeir leika senurnar. Dúkkuheimilið er jólasýning Borgarleikhússins í ár og því er leikstýrt af Hörpu Arnardóttur. Meðal þeirra sem leika í verkinu eru Hilmir Snær Guðnason, Unnur Ösp Stefánsdóttir, Þorsteinn Bachmann, Arndís Hrönn Egilsdóttir og Ingvar E. Sigurðsson. - vh



### Útgáfutónleikar Amabadama

Hljómsveitin **Amabadama** hefur notið mikillar velgengni undanfarið en sveitin gaf út sína fyrstu breiðskífu, „Heyrðu mig nú“, þann 6. nóvember. Hljómsveitin heldur útgáfutónleika næstkomandi fimmtudagskvöld, 18. desember, í Gamla bíói. Má með sanni segja að þetta ár hafi aldeilis verið árið þeirra, en fyrir utan það að eiga einn vinsælasta smell sumarsins „Hossa Hossa“ og hið vinsæla lag „Gaia“ þá er sveitin með sex tilnefningar til Íslensku tónlistarverðlaunanna. Miðasala á útgáfutónleika Amabadama er á midi.is. - asi



## Mest lesið vísir

1 Eftirlíkingar í Ráðhúsinu gætu kostað borgina yfir 100 milljónir
2 Reynslubolti á spítalanum hendir inn handklæðinu
3 Gengið framhjá grátandi konu í Hagkaupum: „Svona er bara Ísland“
4 Man. City mætir Barcelona – drátturinn í 16 liða úrslitin
5 Gíslatakan í Sydney: Þetta er það sem við vitum




